Suður frá Auðsholti kom biskup í móti Þórði og bauð allt hið sama af bænda hendi sem fyrr. Þórður var þá hinn stýggvasti við biskup, sagði hann allt draga til óliðs sér. Biskup kallaðist jafnframt skyldi bannsetja Þórð og alla menn hans sem hann riði á staðinn. Þórður bað hann að hann léti þá bændur brott fara af staðnum, kvað það ósannlegt að hann drægi þá í kirkjugarð, slíkir hernaðarmenn sem þeir væru þá er þeir brutu kirkjuna á Miklabæ laugarkveldið og leiddu út sex menn og létu hvern höggva á fætur öðrum. Biskup vildi þá frá riða og gera njósn bændum. En menn Þórðar vildu það eigi og létu hann eigi ná að riða en er Þórður kom eftir bað hann biskup riða hvert er hann vildi og reið eftir sem ákafast þar til er hann kom í geilar hjá Skálaholti og bað hann menn þá stíga af baki og búast til atgöngu.

Þá sendi hann þá heim Hrafn Oddsson og Teit Styrmisson að vita hvort bændur væru í sama skapi um sættir sem fyrr eða hversu þeim litist á umbúnað þeirra hve torsóttlegir þeir væru. En er þeir komu heim þá var biskup skryddur og þrír tigur klerka með honum og sagðist þegar skyldu bannsetja Þórð er atganga tækist og alla hans menn.

Teitur lögmaður, vitur maður og góðgjarn, bróðir Gissurar, hann bað biskup að freista að ganga á milli og vita ef nokkuð stoðaði, sagði sem satt er hversu mikil vorkunn Þórði var á, svo mikinn mannskaða sem hann hafði fengið en sviptur öllu fénu og hefir ekki til viðurlífis fyrir sig og sína menn annað en það er hann verður að deila til í hendur óvinum sínum eða ræna saklausa menn þótt hann leiti eftir sínum hluta með því móti sem hann þykist helst mega.

Linuðust bændur þá og báðu að þeir biskup og Teitur færu í millum og gáfu sitt mál mjög á þeirra vald og forsjá.

Gekk biskup þá að finna Þórð og þeir Teitur. Sögðu þeir Hrafn þá svo sem þeim hafði sýnst að bændur væru torsóttlegir ef nokkur dáð væri í þeim. Tumi var þá og allsáttfús. Sömdust þá sættir með því móti að biskup og Steinvör skyldu um gera. En það er þau yrðu eigi á sátt það skyldi gera Steinvör ein. Bændur skyldu í engum mótferðum vera við Þórð þar til Gissur kæmi til Íslands. Skyldi þá lokið sættum með þeim Þórði og bændum ef

will not go anywhere, nor shall any of my men, but Þórður may get vengeance against the householders some other way in time.'

Then Hálfðan sent men to the householders and told them to go home.

When Björn and Kolbeinn came back and told Þórður what Hálfðan had said, he became completely enraged, saying that they should attack the householders holed up in the See and see what transpired. Þórður now had reliable information concerning their numbers, that they were nearly six hundred and had ensconced themselves in the churchyard at Skálholt.

Þórður rode over the river and surveyed his army. He had nearly two hundred men. Many then said, as was true, that it was a bad idea to ride against the householders in the See. However, Þórður retorted that one must often take risks in uncertain situations, if one is to achieve anything in the matter at hand.

The bishop came south from Auðsholt to meet Þórður, and made the same offer as before on behalf of the householders. Þórður was very peevish towards the bishop, and stated that he had done all he could to harm him. The bishop responded that he would excommunicate Þórður and any of his men who rode against the episcopal See. Þórður asked that the bishop have the householders leave the See, saying that it was improper that he had drawn them into the churchyard, such warriors as had violated the church at Miklabær one Saturday evening, led out six men, and had each of them killed in front of the others. The bishop then wanted to ride ahead and warn the householders, but when Þórður's men noticed this, they made the bishop wait until Þórður got to the front rank, as he rode at the back. Þórður allowed the bishop to ride wherever he wanted, and chased after as fast as he could, until he came to a narrow glen by Skálaholt. Þórður now asked his men to mount their horses and prepare for battle.

Then he sent Hrafn Oddsson and Teitur Styrmisson to the bishop's home to find out whether the householders were of the same mind concerning the settlement as before or how well defended they were, and how difficult they would be to overcome. When Hrafn and Teitur arrived at the bishop's home, the bishop

Gissur kæmi til en haldast ella. Gengu þá bændur til handsala við Þórð.

Reið Þórður þá austur á Breiðabólstað eftir sættina og settist þá enn í bú Orms. En Ormur var lengstum í Veri meðan Þórður var á Breiðabólstað. Fóru menn í millum þeirra og vannst ekki að um sættir. Þórður sendi Björn Dufgusson vestur í Breiðafjarðardali en Þórð Bjarnarson til Borgarfjarðar að vera á njósn um ferðir Kolbeins Arnórssonar unga fyrir því að það var þá kvittað að liðsdráttur væri fyrir norðan land.

En Þórður reið út yfir á í Biskupstungu. Kom þar biskup og Steinvör og luku þá upp gerðum og gerðu á hendur alþýðu, bónda þeirra er þingfararkaupi áttu að gegna í sveit Gissurar, þrjú hundruð, en á hendur hinum stærrum bændum fimm hundruð. Eftir það reið Þórður sunnan af héraðum til Borgarfjarðar.

was then in his vestments and had thirty clerics with him, and he announced that he would excommunicate Þórður and all his men as soon as the battle began.

Teitur, the lawspeaker, a wise and benevolent man, and also Gissur's brother, asked the bishop to try to mediate between the two sides and discover if some compromise could be reached. He said, as was true, that Þórður deserved a great deal of slack because he had experienced great sorrow, 'and, moreover, has lost all of his property, so has nothing to provide for his men other than that which he can acquire through disputes with his enemies or by robbing innocent men. He is only trying to recoup what he has lost by any means which he thinks may succeed.'

The householders now gave way and asked the bishop and Teitur to mediate between them and gave their case into their power and foresight.

Thus, the bishop and Teitur went to find Þórður. Hrafn, the bishop, and Teitur then said to Þórður that the householders would be difficult to defeat, if some had valour in them. Tumi was also very eager to settle. It was then determined that the bishop and Steinvör should decide the terms. Nevertheless, that which they were not able to agree on would be decided by Steinvör alone. The householders were not to take part in conflict with Þórður, until such a time as Gissur returned to Iceland. The truce would then end between Þórður and the householders, if Gissur returned, but otherwise upheld. The householders sealed their agreement with Þórður with a handshake.

Then Þórður rode east to Breiðabólstaður after the settlement and then settled again on Ormur's estate. But Ormur remained a long while at Ver, while Þórður was at Breiðabólstaður. People mediated between them but no settlement was reached.

Þórður sent Björn Dufgusson west to Breiðafjarðardalur and Þórður Bjarnarson to Borgarfjörður to watch out for the coming of Kolbeinn Arnórsson, for it was rumoured that men would be being gathered together from northern Iceland.

Þórður himself rode over the river to Biskupstunga. The bishop and Steinvör came there and delivered their judgment:



Fig. 4. Present-day Hrafnseyri in the Vestfirðir. Source: *Wikimedia*, <https://commons.wikimedia.org/wiki/File:Hrafnseyri2Ice.JPG>.

all those householders who paid the assembly-travel tax in Gissur's region were each fined the equivalent of 360 ells of wadmal, but for the wealthier householders the figure was 600 each. After the settlement, Þórður rode from the southern regions to Borgarfjörður.

Áttundi kafli

Nú verður frá því að segja er vér gátum fyrr að Hjalti biskupsson kom á fund Kolbeins unga og segir honum slíkt er títt var um ferðir Þórðar og það hann suðurreiðar.

Kolbeinn brást við skjótt og sendir þegar menn norður til Eyjafjarðar og þeir drógu lið saman um allar sveitir fyrir norðan Öxnadalshéiði. Aðra menn sendi hann vestur til Hrutafjarðar. Skyldu þeir krefja menn upp um hin vestri héruð og fjölmenna sem mest.

En er flokkar komu saman þá vildi Hjalti að flokknum væri stefnt suður um Kjöl og svo til móts við Þórð.

En Kolbeinn kvað vera mega að Þórður væri þá vestur um riðinn áður vér komum suður og munum vér þá eigi ná þeim. Vil eg stefna hinar vestri heiðar og svo til Borgarfjarðar. Má svo síst bera í sundur fund vorn hvort er Þórður er suður eða vestur.

Hjalti kvað Sunnlendinga yfrið lengi þolað hafa þennan ófrið. Kolbeinn kvað þá vel mátt hafa hrundið af sér ef þeir hefðu karlmennsku til svo að þeir þyrftu eigi annarra manna liðveislu. Norðlendingar allir báðu Hjalta ills, kváðu þetta allt af honum hljóttast.

Kolbeinn reið þá með allan flokk sinn vestur til Miðfjarðar og þaðan suður um Tvídæguru. En er þeir fóru upp úr Gnúpsdal lét Kolbeinn telja lið sitt og var vel sex hundruð manna. Kolbeinn kveðst þá ærið lið hafa ef gifta félli.

Chapter Eight

Now we must pick up where we left off earlier. Hjalti biskups-son came to meet Kolbeinn and told him the news he had about Þórður's journey, ending by asking Kolbeinn to ride south with him.

Kolbeinn reacted quickly: he immediately sent men north to Eyjafjörður, and they pulled an army together from all the districts north of Öxnadalshéiði. Kolbeinn ordered another company of men to go west to Hrutafjörður. This group were to recruit men from around the western regions and collect as many troops as possible.

When the troops had gathered together, Hjalti wanted the army to go south over Kjöl to encounter Þórður.

However, Kolbeinn said that he thought that Þórður may well have ridden west by then, 'before we come south, and we will thus not come across him. I want to go westwards over the heath to Borgarfjörður. If we do this, we will be more likely to find Þórður regardless of whether he is in the South or the West.'

Hjalti protested that the Árnésingar had suffered long enough from warfare. Kolbeinn retorted that they may well have been able to repel their enemies if they had been manlier themselves, rather than relying on the support of other men. All of the Northerners felt ill-will towards Hjalti and muttered that the situation was completely his fault.

Svo var veðri farið er þeir riðu á heiðina að um morguninn var á krapadrífa og vindur lítill og urðu menn alvotir. En er á leið daginn tók að frysta. Hljóp þá veðrið í norður. Gerðist þá hríð svo grimm sakir myrkurs og frosts að sjaldan verða þvílíkar. Leið eigi langt áður þeir vissu eigi hvar þeir fóru. Dróst þá liðið mjög af kulda. Bað Kolbeinn menn þá stíga af baki og taki menn glímur stórar og viti ef mönnum hitnar við það.

Urðu þar svo miklar hrakningar að margir menn týndu vopnum sínum og fengu eigi á haldið fyrir kulda. Gengu þá þegar nokkurir menn til heljar en margir meiddust til örkuþla. Tók þá heldur að birta veðrið. Kenn dust þeir þá við að þeir voru komnir á vatn það er Hólmavatn heitir. Hóf þá hver annan á bak. Fóru þeir þá þar til er þeir komu á Gilsbakka nokkuru fyrir dag. Var Kolbeinn þar um nóttina. En um daginn eftir reið hann ofan í Reykjaholt með allan flokkinn. En það af liðinu er eigi var fært lá eftir í Síðunni.

Kolbeinn now rode with his whole army westwards to Miðfjörður and thence south over Tvídægra. When they came up from Gnúpsdalur, Kolbeinn had his troops numbered and the force was found to be at least 720 men. Kolbeinn commented that the army was large enough if fortune favoured them.

As they rode over the heath the weather was such that, during the morning, there was a shower of sleet with little wind. Thus, the men became completely soaked. But as the day wore on, a frost set in. Suddenly, the wind leapt to the north. Then such a greatly dark and frosty storm blew in as one sees only once in a blue moon. It was not long before they had no idea where they were going. Now the army became utterly exhausted from the cold. Kolbeinn ordered the troops to dismount their horses, 'and engage in vigorous wrestling with each other to try and get warm that way.'

This led to many severe wounds and many men lost their weapons because they could not keep hold of them because of the cold. It was not long before some men died and many acquired life-altering injuries. Eventually, the weather changed for the better. When this happened, the army discovered that it had come to the lake which is called Hólmavatn. The men heaved each other onto horses and proceeded to travel on until they came to Gilsbakki somewhat before daybreak. Kolbeinn remained there overnight. The day after, he rode down to Reykholt with his whole army, apart from the troops who were not fit to travel (they remained behind on Hvítársíða).

Níundi kafli

En er Þórður kom ofan í Reykjardal að Englandi þá kom í móti honum Þórður Bjarnarson og segir honum að Kolbeinn var norðan kominn með fjölmenni og sat þá í Reykjaholti.

Ari hét maður. Hann bjó þá að Lundi í Reykjardal hinum syðra. En Böðvar Þórðarson bjó þá í Bæ. Hann átti Herdísi Arnórsdóttur systur Kolbeins. Þeir voru systkinasynir Sighvatur faðir Þórðar og Böðvar.

Þórður reið ofan eftir Reykjardal til Bæjar og beið þar til þess er flokkurinn kom allur eftir. Og þá er menn voru saman komnir leitaði hann ráðs til hinna betri manna hvað upp skyldi taka. Lagði þá næsta sitt hver til. Eggjuðu þeir er áræðamestir voru að riða skyldi að þeim í Reykjaholt, kölluðu þar marga mundu vera lítt til færa að verjast fyrir kulda sakir. En allir hinir vitrari menn sögðu það óráð að svo fáir menn riðu að þar sem slíkt fjölmenni væri fyrir, sögðu þá allskörulega riðið þó að hann riði vestur um svo að hann ætti ekki við þá. Var það ráðs tekið.

Reið þá Þórður ofan eftir dal og ætlaði yfir um á að Gufuskálum og svo vestur Langavatnsdal. En er hann kom ofan á Völlu þá var sagt að eigi var hrossís yfir ána. Sneri þá flokkurinn allur upp til Grafarvaðs. Og er menn komu upp frá Þingnesi þá reið Þórður á siki eitt. Brast niður ísinn undir hestinum og var hvortveggi á kafi, hesturinn og hann. Og er hann kom á land

Chapter Nine

When Þórður came down into Reykjadalur at England, Þórður Bjarnarson came to meet him and told him that Kolbeinn had arrived from the North with an army and was sat at Reykholt at that time.

There was a man named Ari. At that time, Ari lived at Lund in Reykjadalur hinn syðri. Böðvar Þórðarson lived then at Bær. He was married to Herdís Arnórsdóttir, Kolbeinn's sister. Böðvar was also Þórður's first cousin.

Þórður rode down along Reykjadalur to Lund and waited there until his whole army had gathered there. When the men were all together, he asked the other leaders what plan they should adopt. Nearly all then expressed their own view. The most daring urged that they ride to Reykholt, stating that many of the men there would be little able to defend themselves due to the cold. However, all the wiser men said that it would be unwise for such a small army as they were to ride to a place where there would be such a large host before them. These men proposed instead that it would be a magnificent idea if Þórður rode westwards so that he need not concern himself with Kolbeinn and his forces. It was this plan that was adopted.

Þórður proceeded to ride down along the valley and planned to ride over the river at Gufuskálar and so west to Langavatnsdalur. But when he came down to Vellir, it is said that there

var hann alvotur og sneri ofan aftur til Þingness og sex menn með honum.

Þá bjó sá maður í Þingnesi er Börkur hét og var Ormsson. Hann tók vel við Þórði og skipti við hann klæðum. Þar létu þeir menn Þórðar eftir hesta nokkura. Setti Börkur þá inn í hús hjá hrossum sínum. Reið Börkur þá með Þórði upp til Grafarvaðs. En er hann sneri ofan aftur heyrði hann til hvorstveggja flokk-sins, Þórðar og Kolbeins.

Þórður reið til Stafaholts og áði þar og þaðan út yfir Norðurá. Í Svignaskarði setti hann eftir sex menn til njósna. Voru þar Dufgussynir þrír, Sanda-Bárður og Þorsteinn kollur Þorbergs-son, Þorgeir stafsendi. En Þórð Bjarnarson setti hann eftir í Eskiholti ef Kolbeinn riði hið neðra. En Þórður reið út á Mýrar með allan flokkinn og var allill færð.

En er Ari á Lundi varð var við ferðir Þórðar tók hann hest sinn og reið til Bæjar sem hvatast. En er hann kom í Bæ var Böðvar í rekkju. Ari segir Böðvari að flokkur Þórðar riði ofan eftir Reykjardal og bað hann gæta hrossa sinna að þau yrðu eigi tekin.

En fyrir voru komnir menn Kolbeins, Þorvaldur keppur og tveir menn aðrir. En er þeir heyrðu hvað Ari sagði spruttu þeir upp og riðu sem mest máttu þeir til Reykjaholts og segja Kolbeini hvað títt var. Hann bað hvern mann spretta í klæði sín og ríða eftir sem hvatast. Og er þeir voru búnir riðu þeir ofan eftir Reykjardal og komu í Bæ. Var Böðvar úti og spurðu þeir hann um ferðir Þórðar. Hann kveðst ætla að löngu mundi hann vestur um riðinn. Riðu þeir Kolbeinn þá ofan á Völlu og spurðu þar að Þórður hefði upp snúið til Grafarvaðs. Snúa þeir þá upp til Þingness. Var Börkur úti. Spyrja þeir hann að um ferðir Þórðar. Hann kvaðst eigi vita það hvort Þórðar menn voru eða aðrir, kvað þar ríða annan flokk að öðrum í alla nótt. Kolbeinn bað hann ganga á leið með þeim. En er Kolbeinn reið á brott dvöldust þar eftir nokkrir menn hans og fundu hesta í húsi einu, þá er alvotir voru og nýteknir undan söðlum. Riðu þeir þá eftir Kolbeini og segja honum að þeir hefðu fundið hestana og kváðu að þar mundu vera menn Þórðar nokkurir. Reið Kolbeinn þá heim aftur á bæinn.

was no ice bridge over the river which the horses were able to walk on. The whole army then turned back up to Grafarvað. As men travelled up from Þingnes, Þórður was riding over one trench; however, the ice broke down under the horse, and both he and his mount tumbled into the water. After Þórður made it ashore, he was completely soaking. Thus, he headed back down to Þingnes with six men.

At that time that man lived at Þingnes who was named Börkur and he was Ormur's son. He greeted Þórður well and gave clothes to him. Þórður's men left some horses behind there. Börkur then placed the horses inside the house where he kept his own. After this, Börkur rode with Þórður up to Grafarvað. As soon as Börkur turned back to go back down, he was able to hear two groups, one of which was Þórður's and the other Kolbeinn's.

Þórður rode to Stafholt and rested there a while before heading on from there out over Norðurá. At Svignaskarð he posted six men as sentries. These six were the three sons of Dufgus, Sanda-Bárður, Þorsteinn kollur Þorbergsson, and Þorgeir stafsendi. Þórður also left Þórður Bjarnarson behind to watch at Eskiholt, in case Kolbeinn rode below. Þórður proceeded to ride out to Mýrar with his whole army but the going was tough.

When Ari of Lund became aware of Þórður's journey, he took his horse and rode to Bær as fast as he could. On arriving at Bær, he found that Böðvar was in bed. Ari told Böðvar that Þórður's forces had ridden down through Reykjadalur, and asked him to take care of his horses, so that they did not get taken.

But before this, Kolbeinn's men had arrived, Þorvaldur keppur and two others. As soon as they heard what Ari said, they sprang up and rode as quickly as they were able to Reykholt and gave Kolbeinn the news. Kolbeinn directed every man to dress quickly and ride after Þórður and his troops as fast as possible. Once Kolbeinn's forces were ready, they rode down Reykjadalur and came to Bær. Böðvar was outside and they asked him about Þórður's journey. He said that he thought would long since have ridden westwards. Kolbeinn and his men then rode down to Vellir and discovered there that Þórður had turned up to

Einar langadjákn Jónsson reið að Berki og setti spjótshalann millum herða honum og bað djöfulinn segja það hann vissi.

Börkur kvaðst eigi vita hvað hann segði honum en ekki mun eg þér fleira segja.

Börkur hóf upp öxina er hann hafði í hendi og laust til Einars en Einar bar fram hjá og kom höggið á lend hestinum. Í því kom að Hallur Jónsson og kvað engan mann skyldu Berki illt gera. Hann var annar maður en Brandur Kolbeinsson mest virður af Norðlendingum. Var þá rannsakaður bær allur í Þingnesi og tekið fé það sem laust var innan gátta en rænt hjá fram hrossum öllum. Og varð þetta löng dvöl. Riðu þeir Kolbeinn í brott. En Börkur kveðst ætla að skammt mundi líða að þeir sjálfir mundu verst una við dvöl sína og verr en hann við félát sitt.

Kolbeinn reið nú í Stafaholt. Þar fengu þeir sanna njóns af um ferðir Þórðar og riðu þá eftir sem ákafast. Njónsarmenn Þórðar hvorirtveggju sjá er flokkur Kolbeins kom í Stafaholt. Brugðu þeir þá við og riðu fram eftir Þórði. Höfðu þeir Kolbeinn þá skeiðreitt eftir stígnum. Dró þá saman skjótt. Kafðist þá hesturinn undir Þórði Bjarnarsyni en annar undir Kægil-Birni. Gerðu þeir þá ýmist að þeir runnu eða riðu að baki þeim Svarthöfða og Bárði. En er þeir komu að Langá þá bar leiti á milli.

Þá hljóp Svarthöfði af hesti sínum og bað Björn bróður sinn á bak stíga: Eg sé að oss dugir eigi lengur tvímenning en við Þórður Bjarnarson munum forða okkur sem verða má.

Björn kvaðst aldrei mundu frá honum ríða.

Þeir Þórður og Svarthöfði tóku þá skeið ofan eftir ánni en þeir Björn riðu fram eftir flokkinum Þórðar sem ákafast. En þeir Svarthöfði og Þórður köstuðu sér í snjóinn og jósu á sig mjöllinni. Þeir Kolbeinn sóttu þá svo fast fram að ekki var nær í milli þeirra. En er þeir Bárður komu eftir þá var Hrafn Oddsson á halaferðinni. Þeir báðu hann hvata eftir Þórði og segja honum hvað er títt var er hann hafði hvíldan hest. En er hann hitti Þórð þá gekk Þórður og leiddi hestinn eftir sér. Hrafn bað hann fara á bak, segir að Kolbeinn var þá nálega kominn á hæla þeim en meiri von að þeir Svarthöfði og Þórður séu teknir.

Grafarvað. Thus, they headed up towards Þingnes. Börkur was outside. Kolbeinn's men asked Börkur about Þórður's journey. Börkur replied that he did not know whether they were Þórður's troops or others, but said that there had ridden one group of men after another 'throughout the whole night'. Kolbeinn asked him to come on the journey with them. After Kolbeinn rode away, some of his men remained at Þingnes and found horses in one of the houses. They noticed that some were completely soaking and had recently had their saddles taken off. The men immediately rode after Kolbeinn and told him that they had found the horses, and said that some of Þórður's men would be at Þingnes. Kolbeinn now rode back to the farm.

Einar langadjákn Jónsson sped at Börkur and pointed his spear-shaft between the householders shoulders and commanded the devil to tell them what he knew.

Börkur said he did not know what Einar expected him to say, 'but I will not say any more.'

Börkur hefted up the axe which he had in his hand, and launched at Einar, but Einar dodged it, and the blow dug into a horse's leg. At that Hallur Jónsson arrived and said that no man should do evil to Börkur. Hallur was the second most honourable man in northern Iceland after Brandur Kolbeinsson. Then the whole farm at Þingnes was ransacked and all the loose goods were seized and all the horses stolen. Kolbeinn's men remained there for a long time doing this. Afterwards, Kolbeinn and his troops rode away. Börkur commented he did not think that it would be long until they themselves would come off worst from their stay and worse than he for his lost wealth.

Now Kolbeinn rode to Stafholt. There they got trustworthy news about Þórður's journey and they rode back as quickly as they could. Þórður sentries all saw Kolbeinn arrive at Stafholt. They broke cover and rode from there back to Þórður. Kolbeinn and his men had a good course for riding on the path. The two groups of horsemen were getting closer and closer together. Þórður Bjarnarson's horse then caved under him and another under Kægil-Björn. They began alternating between running

Eftir það sté Þórður á bak og reið þá fram eftir skógargötunum þar til er klif var lítið. Þar bar þá leiti í milli. Bað þá Þórður alla sína menn af baki stíga, kvað þar við skyldi nema og hlaupa á þá. En þar varð sem víða annarstaðar að flóttamanninn er eigi hægt að hefta. En er Þórður sá þetta, að þá hleypti margur sá mest er áður kvaðst hafa þreyttan hest svo að hvergi mátti ganga, þá bað Þórður, er því mátti eigi áleiðis koma að nema þar við, að fólkíð skyldi eigi svo geyst ríða og sendi þá fram fyrir Guðmund sorta og bauð að eigi skyldi brott ríða af bænum í Álftártungu.

En er Þórður kom á bæinn þá sté þar af baki alþýða. Og þá segir honum Ingjaldur skáld Geirmundarson og kvað séð vera hversu þá mundi fara: Nú flýr öll alþýða en hinir betri menn munu eigi frá yður ríða. En ef þú bíður hans þá verður það þinn skaði og þeirra manna er þér fylgja.

Stigu þeir þá á bak. Tók þá og svo að batna færðin að þá var allt skeiðreitt. Þórður bað þá menn fara í kirkju er þrotna höfðu hesta. Hlupu þá í kirkju nær þrír tigur manna. Brú var á Álftá og var þar seinfært yfir.

En er Þórður kom yfir ána hleypti sinn veg hver. Þórður sendi menn fram eftir liðinu og bað menn saman halda hvað sem í gerðist. En því kom ekki til leiðar. Varð þá eigi fleira í reið með Þórði en hans menn og voru það sex tigur manna. En er Þórður var burt riðinn úr Álftártungu þá kom þegar flokkurinn Kolbeins. Varð þá svo nær farið að þeir sem norður höfðu snúið frá kirkjunni og fyrir húsin að þá er þeir sneru aftur náðu þeir eigi kirkju. Voru þá vegnir tveir menn í kirkjugarðinum, Sigmundur Hallsson og Torfi Þorgeirsson. Gengu þeir Kolbeins menn þá til kirkjudura og rannsökuðu hvað manna þar væri inni. Í því bili kom Kolbeinn, kvað þá óviturlega gera, lágu þar og gerðu ekki það er framkvæmd væri í en látið Þórð draga undan og alla þá er nokkuð mannsmót væri að. Setti hann þá þar eftir er ófærir voru. Síðan tóku þeir eftirreið sem ákafast. En er þeir komu að Álftá varð þeim eigi þar greiðfært yfir því að Þórður hafði látið af draga brúna. Þá varð þeim Kolbeini allt saman mikil dvöl.

Þórður sneri nú út eftir Mýrum. Og er hann kom yfir Hítará þá sté Teitur Styrmisson af baki og Kolbeinn grön og enn fleiri menn og vötnuðu hestum sínum er vatn féll á ísnum. Þá ríðu

and riding back with Svarthöfði and Bárður. When they reached Langá, they were shielded from view.

Svarthöfði leapt from the back of his horse and asked his brother to mount its back saying: 'I see that we shall no longer ride together. Þórður Bjarnarson and I will try our best to escape.'

Björn refused to abandon him.

Þórður and Svarthöfði now ran down along the river, and Björn and Bárður rode on after Þórður's army as fast as possible. Svarthöfði and Þórður cast themselves into the snow and covered themselves with it. Kolbeinn and his men pursued with such vigour that there was little distance between them. When Bárður and Björn arrived, Hrafn Oddsson was travelling at the rear of the army. They asked him to speed after Þórður and tell him what the tidings were, because he had a rested horse. When Hrafn reached Þórður, Þórður was at that time walking and leading the horse after him. Hrafn asked him to remount, saying that Kolbeinn had nearly come upon them and that it was more than likely that they would be arrested.

Straightaway, Þórður remounted and rode along a forest path until he reached a little cliff where they were in cover. Þórður then ordered his men to dismount, and said they should ambush Kolbeinn's troops. Nevertheless, it transpired as at other times that fleeing men are not easy to stop. When Þórður saw that the majority galloped away—those who had previously said that their horses were exhausted to the point that they could barely walk anywhere—and identified that it would not be possible for them to make a stand there, then he ordered that the folk not ride off with such haste. He also sent forward Guðmundur sorti to instruct them that they should not ride beyond the farm at Álfártunga.

When Þórður reached the farm, all the people there dismounted. Then the poet Ingjalður Geirmundarson spoke to him and said it had become apparent how matters would go, because 'now all the common folk flee, but the better men will not abandon you. Nonetheless, if you wait for Kolbeinn, then the result will prove shameful to you and those men who follow you.'

Kolbeins menn sunnan að ánni. Og er þeir Teitur stukku upp af ánni þá sneri Þórður aftur en Kolbeins menn sneru þá aftur undan því að þeir voru fáir eftir komnir. Teitur bað þá menn skunda á bak, kváðu þetta ekki vera annað en dvöl þeirra. Reið þá hver undan sem mátti. En Þórður reið um daginn jafnan síðast og vildi hann aldrei svo mikið ríða sem alþýðunni var í hug. Töluðu þá sumir við hann en sumir keyrðu hestinn undir honum. Bar þá enn undan. Kolbeins menn tóku þá drjúgum menn af Þórði er hestana þraut. Voru þeir allir flettir en á sumum unnið. En er Þórður reið út á vaðlana þá sáu þeir Kolbeins menn að undan mundi bera og hurfu þá aftur.

Þórður reið í Miklaholt og dvaldist þar um hríð. Þar bjó þá Guðmundur Ólafsson. Hann var vinur mikill Sturlunga. Fýsti hann Þórð sem fyrst burtreiðar. Reið Þórður þaðan vestur Kerlingarskarð og svo til Helgafells. Fékk Þórður sér þar skip og fór út í Fagurey en hestana lét hann reka hið innra. Kom hann þar laugardag fyrir hádegi. Það var hinn næsta dag fyrir Andrés-messu.

Þótti það öllum mikil furða og varla dæmi til finnast að menn hefðu riðið hinum sömu hestum í einni reið af Þingvelli og til Helgafells í svo miklum ófærðum sem þá voru. Þórður reið fimmtadag um hádegi af Þingvelli en kom til Helgafells föstunóttina er stjarna var í austri. Þóttust þá allir þegar vita að Þórð mundi til nokkurra stórra hluta undan rekið hafa.

Kolbeinn reið í Álftártungu með allan flokkinn og var þar um nóttina.

En um morguninn eftir voru menn leiddir úr kirkju. Var þá höggvin hönd af þeim manni er Þórhallur hét og var Oddleifsson. Annar maður hét Naddur er enn var handhöggvinn. Hann hafði riðið norðan með Teiti Styrmissyni. Fengu þá allir aðrir menn lífs grið og lima en voru flettir vopnum og hestum. Reið Kolbeinn eftir það í Hítardal og var sagt þar allt hið sanna um ferðir Þórðar.

Therefore, they remounted. Now the roads became considerably more passable and soon they were all on a good path for riding. Þórður told the men with exhausted horses to seek the sanctuary of the church. Immediately, nearly thirty men ran into the church. There was a bridge over the Álftá and it took a long time to get over there. After Þórður came over the river, the troops began to scatter. Þórður sent men forward after the men to ask them to stick together whatever the circumstances. But that did not come to pass. By now there were no more than sixty men riding with Þórður (these were his own men).

As soon as Þórður rode away from Álftártunga, immediately after came Kolbeinn's men. The distance between them was so insignificant that when those who had wheeled northwards from the church in front of the house turned around, they were unable to reach the sanctuary of the church. Two men were killed in the churchyard, Sigmundur Hallsson and Torfi Þorgeirsson. After this, Kolbeinn and his men strode up to the church door and enquired which men were inside. At that moment Kolbeinn arrived and said that it would be unwise if they dawdled here rather than focusing on the important task at hand and so allowed Þórður to get away with all the other significant men. Kolbeinn left those of his troops there who were unable to travel, but the remainder resumed the chase as quickly as possible. When Kolbeinn's men reached Álftá, they could not easily get over the river, because Þórður had had the bridge dragged down. Kolbeinn and his men were then stranded on the opposite side of the river for a long while.

Þórður now turned out beyond Mýrar. After he made it over Hítará, Teitur Styrmisson, Kolbeinn grön, and yet more men dismounted to allow their horses to drink the water falling from the ice. At that time, Kolbeinn's men were riding towards the southern bank of the river. When Teitur and the others hurried up from the river, Þórður turned his forces back to face Kolbeinn's men, but the latter turned tail and fled as so few of them had arrived at that point. Teitur then told the men to remount, saying that they should not be diverted by this. Everyone then rode on as fast as they could. Þórður rode at the back of the



Fig. 5. The site of the Battle of Örlygsstaðir. Photo by the author.

company, and he would never ride faster than everyone else wanted to. Some of them talked with him, but others urged their horses on. Again they escaped Kolbeinn's clutches. Kolbeinn's men then arrested great numbers of Þórður's men, whose horses were tired. They were all undressed, and some wounded. When Þórður rode out onto the flats, then Kolbeinn's men saw that he had got away, and then they turned back.

Þórður rode to Miklaholt and stayed there for a while. At that time Guðmundur Ólafsson lived there, he was a great friend of the Sturlungar. He pleaded with Þórður that he immediately ride away. Þórður headed from there west to Kerlingarskarð and still further westward to Helgafell. Þórður got himself a ship there and went out to Fagurey, but the horses he had driven along on the mainland. He reached Fagurey on Saturday before the high day. That was the last day before St. Andrew's mass.

Everyone thought it was completely amazing and without comparison, that men had ridden the same horses in one journey from Þingvellir and to Helgafell on such atrocious paths. Þórður rode from Þingvellir at midday on Thursday, and came to Helgafell on Friday night, when the star was in the east. Folk straightaway arrived at the conclusion that Þórður had escaped for some great destiny.

Kolbeinn rode to Álftártunga with his whole army and remained there overnight.

The morning after, people were led out from the church. The man who was named Þórhallur and was Oddleifur's son, had his hand cut off. A second man, who was named Naddur, also lost his hand: he had ridden north with Teitur Styrmisson. Everyone else was granted a truce of life and limb, but their weapons and horses were confiscated. Afterwards, Kolbeinn rode to Hítardalur and heard there the whole truth about Þórður's journey.

Tíundi kafli

Nú er að segja frá þeim Svarthöfða og Þórði Bjarnarsyni er þeir lágu í fönninni þar til er flokkur Kolbeins var um fram riðinn. Stóðu þeir þá upp og gengu til bæja og fengu sér hesta. Riðu þeir í Stafaholt og drápu á kirkjudur.

Dufgus karl gekk til dura og fagnar vel syni sínum og spurði hvort hann vissi að Ólafur chaim var þar með þrjá tigi manna.

Þeir Svarthöfði hlupu þá þegar á hesta sína og riðu í brott.

Þá spurði Svarthöfði Þórð: Hvar veistu bæ þann vera er kominn sé frá almannavegi?

Þórður segir: Bær heitir í Skógum er við skulum til ríða. En er þeir komu þar þá fóru þeir í baðstofu og afklæddust. En er þeir höfðu litla hrið sofið þá var þeim sagt að menn Kolbeins riðu að garði. Hlupu þeir Svarthöfði þá upp og skutu inn brynjum sínum og stálhúfum í ofninn en þeir hlupu út. Skildi þá með þeim. Hljóp Þórður í skóg en Svarthöfði til hestanna. Reið hann þá undan sem ákafast en þeir eftir og kvíuðu hann fram á hamri nokkrum. Hann hratt þar fram af hestinum og hljóp þar sjálfur eftir. Það var hár hamar en hvorki sakaði hann né hestinn því að mikill lausasnjórn var borinn undir hamarinn. En engi þeirra vildi þar eftir fara. Riðu Kolbeins menn þá leið sína. Svarthöfði fór heim á bæinn til vopna sinna og reið þaðan vestur til Sauðafells. Síðan fór hann út í Fagurey til Þórðar. Þórður Bjarnarson fór heim í Eskiholt.

Chapter Ten

Now we must return to Svarthöfði and Þórður Bjarnarson. The two men lay in the snow drift until Kolbeinn's army had ridden past. They stood up and went to a nearby farm and got themselves horses. Then, Svarthöfði and Þórður rode to Stafholt and knocked on the church door.

The man Dufgus went to the door and greeted his son Svarthöfði well, asking whether he knew that Ólafur chaim was there with thirty men.

On hearing this, Þórður and Svarthöfði leapt immediately onto their horses and rode away.

Then Svarthöfði asked Þórður: 'do you know where we might find a farm far off the beaten track?'

Þórður responded: 'there is a farm called Skógar, to which we shall presently ride.'

When Svarthöfði and Þórður arrived there, they went into the bath-house and undressed. After they had been in the bath-house for a little while, they were informed that Kolbeinn's men had ridden into the yard. Svarthöfði and Þórður then leapt up, shot into their byrnies, and set their steel hats on their heads, before running outside. They split up: Þórður ran into the woods and Svarthöfði to the horses. Svarthöfði then rode away as fast as he could, but Kolbeinn's men made chase, and he was eventually cornered on some cliff. Svarthöfði pushed the horse over

Kolbeinn Arnórsson ungi hvarf aftur í Hítardal og reið norður Holtavörðuheiði og svo heim á Flugumýri og lét hafa setu einhverja jafnan þann vetur mjög fjölmenna í ýmsum stöðum þar sem honum þótti best fallið.

Þórarinn hét maður og var kallaður balti. Hann setti Kolbeinn til njósna í Miðfirði. Dró hann að sér marga illhreysinga og hafði setu að Ósi. Gerðist hann hinn óvinsælasti. Rændi hann hvern mann þann er honum var í nánd.

the edge and leapt himself after it. It was a high cliff, but neither he nor the horse were injured from the fall, because there was much loose snow accumulated beneath it. None of Kolbeinn's men wished to follow, so they rode away. Svarthöfði went home to the farm for his weapons and rode thence west to Sauðafell. From there he went out to Fagurey to meet Þórður. Þórður Bjarnarson went home to Eskiholt.

Kolbeinn Arnórsson turned back to Hítardalur and rode northwards over Holtavörðuheiði and so home to Flugumýri. He retained a force of men at Flugumýri during that winter and large numbers of troops in other strategic places of his choosing.

There was a man named Þórarinn balti. Kolbeinn set Þórarinn as a spy in Miðfjörður. Þórarinn recruited many evildoers and headquartered himself at Ós. He became universally reviled and robbed all men who were in his vicinity.

Ellefti kafli

Þórður Sighvatsson var í Fagurey nær til jóla fram. Fór þaðan inn til Ballarár. Þá bjó þar Bárður Hjörleifsson. Hann átti Valgerði Sighvatsdóttur, systur Þórðar. Þórður fékk þar góðar viðtökur. Báðu þau hann þar fyrir öllu sjá sem hann ætti. Lét Þórður þar eftir suma menn sína. En hann fór sjálfur til Búðardals og sat þar um jólin. Þar bjó þá Þorbjörn Ingimundarson.

Á ofanverðum jólum ríður Sturla Þórðarson til fundar við Þórð. Ríðu þeir þá út í Dögurðarnes. Kom Böðvar Þórðarson þar til móts við þá. Leitaði Þórður á við Böðvar um liðveislu. En Böðvar segir sem satt var að honum var mikill vandi á við hvorn- tveggja þeirra Kolbeins því að hann átti Sigríði Arnórsdóttur, systur Kolbeins. Kvaðst Böðvar vilja fyrst um leita ef nokkrum sættum mætti á koma með þeim Kolbeini. Var það þá ráðs tekið að Böðvar reið norður og var áður skorað að hverjum kostum Þórður vildi ganga.

En Þórður fór vestur yfir Breiðafjörð til Barðastrandar og þaðan vestur á Sand. Fór þá enn eigi allmarglega með þeim Gísla.

Þaðan fór Þórður til Selárdals. Þar bjó þá góður maður og göfugur, Tómas prestur Þórarinsson. Hann átti Höllu, dóttur Þórðar Sturlusonar. Þau voru börn þeirra: Þórarinn hét hinn elsti son þeirra, annar Krákur, þriðji Auðun, Snörtur hét hinn yngsti. Þeir voru allir mannvænir. Dóttir Tómass hét Guðrún,

Chapter Eleven

Þórður remained on Fagurey until shortly before Christmas.

Thence went he inland to Ballará. Then Bárður Þorkelson lived there. He was married to Valgerður Sighvatsdóttir, Þórður's sister. Þórður got a good welcome there, and they offered him everything there as if it were his own property. Þórður left some of his men behind there but went himself to Búðardalur and stayed there over Christmas. At that time, Þorbjörn Ingimundarson lived there.

Towards the end of Christmas, Sturla Þórðarson rode to meet Þórður. Both then rode out to Dögurðarnes. Böðvar Þórðarson then came there to meet with them. Þórður asked Böðvar for support. But Böðvar responded, as was true, that he had strong ties to both Kolbeinn and Þórður, because he was married to Sigríður Arnórsdóttir, Kolbeinn's sister. Böðvar said that he first wanted to see if some settlement could be arranged between Kolbeinn and Þórður. This plan was then agreed upon: Böðvar was to ride north to offer Kolbeinn each of those terms that Þórður wanted to offer.

Þórður went west over Breiðafjörður to Barðaströnd and thence west to Rauðasandur. On that occasion, Gísli and Þórður were again not entirely cordial with one another.

Afterwards, Þórður headed to Selárdalur. At that time the priest Tómas Þórarinsson — a good and generous man — lived

önnur Ragnheiður, þriðja Guðfinna, fjórða Guðríður, fimmta Hallbera.

Fór Þórður þaðan norður á Sanda. Var hann þar um veturinn og var þá allt tíðindalaust.

Á öndverðri langaföstu kom orðsending Böðvars Þórðarsonar til hans að Þórður skyldi koma til móts við hann til Helgafells. Bjóst þá Þórður skjótt við og fór norður til Ísafjarðar. Sendi hann þá Ásbjörn Guðmundarson til móts við Atla Hjálmsson og beiddi að Atli skyldi koma á hans fund og gerast hans maður, ella bað hann Ásbjörn sjá það ráð fyrir Atla að Þórði yrði ekki mein að honum.

En er Ásbjörn kom í Grunnavík bar hann upp erindi sitt við Atla. En Atli kvaðst vilja sitja kyrr hjá málum þeirra Kolbeins, kveðst eiga Kolbeini gott að launa. Ásbjörn kvað hann eigi mundi svo hjá sitja máluum að eiga ekki við Þórð en vera vinur Kolbeins. Fékk Ásbjörn ekki af Atla. Fannst það á Þórði er þeir Ásbjörn fundust að honum þótti lítið erindi Ásbjarnar orðið hafa.

Fór Þórður þá suður til Saurbæjar og þaðan í Dögurðarnes, svo suður um fjörðu til Helgafells. Var Böðvar þar kominn. Þótti Þórði Böðvar allt hafa þar mælast látið og vildi engar þær sáttir sem Kolbeinn bauð honum. Sagði Þórður að það mundi upp koma um hans mál sem auðið yrði. En aldrei kveðst hann ganga mundu að þeim sáttum er dugandi mönnum þyki honum eigi sæmd í að taka eftir frændur sína.

Fór Þórður þá vestur í fjörðu og heim á Sanda. Var hann þá þar fram um páska.

Um vorið fór Þórður á gagndögum suður í Dali. Var honum þá mikið sagt af yfirgangi Þórarins balta og óspektum. Ætlaði Þórður þá að fara að honum og komst eigi lengra en á Dönustaði. Bar það þá við um ferðina að Þórður fékk lítinn hestakost. Hvarf hann þá vestur í fjörðu en setti eftir Kægil-Björn og Þorgeir stafsenda.

Hákon galinn hét maður. Hann var Bótólfsson, norrænn maður að föðurætt. Hann var kertisveinn Skúla hertoga. Hann kom út með Órækju Snorrasyni. Hann var nú heimamaður Þórðar. Almar Þorkelsson var þá og heimamaður Þórðar. Þessa

there. He was married to Halla, Þórður Sturluson's daughter. These were their children: Þórarinn was the name of their eldest son, the second Krákur, and the third Auðun. Snörtur was the name of the youngest son. They were all promising men. Tómas' daughters were named Guðrún, Ragnheiður, Guðfinna, Guðríður, and Hallbera.

Þórður went thence north to Sandar. He was there during the winter, which passed wholly without incident.

At the beginning of Lent a message arrived from Böðvar Þórðarson, asking Þórður to come to meet him at Helgafell. Þórður swiftly set off and went north to Ísafjörður. He then sent Ásbjörn Guðmundarson to meet Atli Hjálmsson and ask Atli to come to meet him and become his man. If Atli refused, he asked Ásbjörn to see to it that Þórður did not come to any harm from him.

When Ásbjörn arrived at Grunnavík, he brought up his errand with Atli. But Atli said that he wanted to remain neutral in the conflict between Kolbeinn and Þórður, saying that he had only had positive dealings with Kolbeinn. Ásbjörn told Atli that he would not be able to have good relations with Þórður if he were Kolbeinn's friend. Ásbjörn got nothing from Atli. It was felt that Þórður, when he met up with Ásbjörn, thought little had come of Ásbjörn's mission.

Þórður went south to Saurbær and thence to Dögurðarnes, and so south across the fjord to Helgafell. Böðvar had already arrived there. Þórður thought Böðvar had allowed himself to be completely won over, and would not agree to a settlement on the terms offered by Kolbeinn. Þórður said that what would come of his case would be what fate dictated. But he said he would never accept a settlement which doughty men did not think would be honourable recompense for his kinsmen.

Þórður returned to the Vestfirðir and home to Sandar, he remained there until after Easter.

During Spring—on the Rogations Days—Þórður went south to Dalir. Then much was told him about the transgressions and troublemaking of Þórarinn balti. Þórður intended to attack him but did not get any further than to Dönustaður. The

menn setti hann eftir í Dölum og bað þá ríða að Þórarni og drepa hann þegar er hann dreifði setunni. Alls voru þeir tíu menn saman. Ásbjörn Guðmundarson sendi hann norður til Steingrímsfjarðar og þá tuttugu saman. Bað hann Ásbjörn taka öll hin stærri skip í Steingrímsfirði og á Ströndum og flytja vestur á Dýrafjörð. Hafði Þórður þá nokkurn pata af að Kolbeinn mundi fara skipaliði norðan og eyða svo Vestfjörðu.

En er Þórður var vestur kominn þá fór hann hann fyrst á Sanda. Gaf hann Bárði Svefneyjar er tóku hálfan fimmta tug hundraða og enn gerði hann Bárði fleiri sæmdir.

Um fardaga fór Þórður á Mýrar. Þar bjó þá Bjarni Brands-son. Leitaði þá Þórður eftir við Bjarna að hann vildi taka þar við búinu. Bjarni lét það uppi. Var hann með Þórði um veturinn og allt lið hans.

journey was stalled for a lack of horses. He turned back to the Vestfirðir, but left Kægil-Björn and Þorgeir stafsendi behind.

There was a man named Hákon galinn, he was Bótólfsson, a Norwegian on his father's side. He had been Duke Skule's squire. He came to Iceland with Órækja Snorrason. He was now Þórður's follower. Almar Þorkelsson was then also a follower of Þórður. These men he also left behind in Dalir and asked them to attack Þórarinn and kill him, as soon as he dissolved his household, which altogether consisted of ten men.

Additionally, Þórður sent Ásbjörn Guðmundarson north to Steingrímsfjörður with nineteen men. He told Ásbjörn to take all the larger ships in Steingrímsfjörður and on Strandir and move them west to Dýrafjörður. Þórður had received intelligence that Kolbeinn would come to the Vestfirðir with a navy and so desolate the region.

When Þórður arrived in the west, he went first to Sandar. He gave Bárður the Svefneyjar — which had a value equivalent to 5400 ells of wadmal — and granted Bárður yet more honours.

During the Moving Days, Þórður went to Mýrar. At that time, Bjarni Brandsson lived there. Þórður told Bjarni that he wanted to make the farm his residence. Bjarni agreed and he and his household remained with Þórður over the winter.

Tólfti kafli

En millum þings og fardaga þá fóru þeir Björn og Hákon norður til Miðfjarðar. Þórarinn bjó þá á Bretalæk. Þeir komu þar árdegis áður menn voru upp staðnir, gengu inn þegar með brugðnum vopnum. Þórarinn spratt upp og fékk eitt sverð vopna og varðist bæði vel og lengi. Þar féll hann. Þeir rændu því er laust var.

Þar fengu þeir njósn af að Kolbeinn lét draga saman fjölmenni allt slíkt er hann fékk og svo stórskip. Setti hann þá Brodda mág sinn höfðingja yfir skipaliðinu. Skipti hann þá liðinu í tvo staði en hann ætlaði sjálfur að fara landveg. Var það þá eitt í orði að eyða Vestfjörðu svo að Þórður mætti þar eigi heldur friðland hafa en annarstaðar á Íslandi.

Þeir Björn fara nú vestur í Dali og sendu Þorgeir stafsenda til móts við Þórð. Þorgeir fann Þórð á Mýrum og segir honum víg Þórarins og slíka fyrirætlan Kolbeins er þeir höfðu frétt. Þórður reið heiman það sama kveld og ætlaði til Ísafjarðar og draga saman menn og skip.

Chapter Twelve

Þeir Teitur og Svarthöfði komu á Másstaði, skutu þegar stokki á dur og brutu upp hurðina. Hljópu þeir síðan í skálann. Helgi hljóp upp í því er hann varð var við ófriðinn og ætlaði til duranna. Hann var allra manna knástur. Hratt hann þeim af sér svo að þeir hrukku í setin af honum. Í því gat Svarthöfði tekið hann. Helgi beiddi sér griða og hafði þá fengið áverka. Þeir segja að engi kostur mundi griða vera, báðu hann rannsaka ráð sitt og tala við prest og svo gerði hann. Eftir það var Helgi leiddur út og vó sá maður að honum er Álfur hét og var Þorgilsson. Síðan rændu þeir hrossum og því sem innan gátta var og riðu þaðan út til Giljár og tóku þeir þar Einar Hallsson. Var höggvin hönd af honum og særður mörgum sárum öðrum. Rændu þeir þar og riðu þeir eftir það til Hólavaðs. Var Þórður þar kominn og svo Ásbjörn. Þeir Ásbjörn höfðu rænt öllu á Breiðabólstað öðru en ganganda fé. Hallvarður hafði undan komist en Lær-Bjarni var særður til ólífis. Á höfðu þeir unnið fleirum mönnum.

Reið þá Þórður vestur og allur flokkurinn. Var þá víða rænt því sem fyrir varð þar til er þeir komu í Miðfjörð. Þar lét Þórður engu ræna. Reið hann þá vestur til Hrutafjarðar um kveldið.

Tvennir voru þeir hlutir er Þórður bauð mestan varnað á, að þeir skyldu eira konum og kirkjum.

Reið Þórður þá vestur til Dala og svo til Saurbæjar.

supported Þorsteinn. Ingunn, the housewife, was most bold in this. Þórður then decreed that he would grant Þorsteinn mercy. After that, Þórður came over to him and said that there were not many men in the Northern Quarter with which he had hated more since he went abroad but that this would not continue any longer. 'Get your weapons and clothes and follow me' he said.

Þorsteinn did so.

Þórður then walked to the field and asked who was lying on the ground. The men there responded by telling him it was Mörður Eiríksson. Þórður asked Hrafn to go and see how badly wounded he was. Hrafn went to Mörður and asked what injuries he had, to which the latter responded that he could be healed and asked for clemency. Hrafn told Mörður that it would be best to prepare himself for mercy not being granted and to confess his sins.

Mörður asked why Þórður was so hostile towards him, 'as the relationship between us had been entirely positive.'

Hrafn responded that Þórður knew that Mörður had been ordered to deal wounds to Sighvatur and his sons at Örylgsstaðir. Mörður denied any part in this. Then Hrafn went to Þórður and told him that Mörður could be healed. Þórður ordered a man named Árni Eiríksson to kill him, and he did so.

There was a man Bjarni Húnröðarson who was fatally wounded, and three other men with injuries.

Þorsteinn joined Þórður's journey and they now rode down into the valley.

Teitur and Svarthöfði came to Másstaðir. They used a beam as a battering ram against the door and, on breaking it, they ran into the hall. Helgi sprang up when he noticed the disturbance and sought an escape. He was the strongest of all men. He pushed them off him so that they shrunk away from him. However, Svarthöfði found an opportunity to seize him. Helgi was wounded asked for mercy. They responded to this plea by saying that he would have no mercy from them and told him to search his conscience and have confession with a priest. He did so. Then Helgi was led outside and executed by a man named Álfr Þorgilsson. They took the horses and what there was in the

Þaðan fór hann út til Skarðs. Þaðan hvarf Þorsteinn Jónsson aftur og vann Þórði áður trúnaðareið. Skildu þeir þá með vináttu.

Fór Þórður þá aftur í fjörðu og til bús síns á Mýrar.

En er Eyjólfur Þorsteinsson komst í burt reið hann norður á Flugumýri og segir Kolbeini þessi tíðindi.

Kolbeinn stefndi þegar saman mönnum og efldi setur. Hafði hann ávallt einhverjar það sem eftir var sumars. Þótti honum þá skjótara til eftirreiðar ef nokkur illvirki væru ger á héruðum hans.

house. The men rode from there to Giljá and seized Einar Hallsson. They cut off Einar's hand, wounded him in other ways, and looted there. After that, they rode to Hólavað, where Þórður and Ásbjörn were already. Ásbjörn and his men had plundered Breiðabólstaður for all but the livestock. Hallvarður had escaped but Lær-Bjarni was fatally wounded, and several other men had been injured.

Þórður rode westward with the whole army, stealing all they could until they came to Miðfjörður where Þórður allowed nothing to be taken. In the evening he rode to Hrutafjörður.

Þórður gave a strong injunction to his men to spare two things: women and churches.

Þórður now rode west to Dalir and so on to Saurbær, from where he went to Skarð.

Here, Þorsteinn Jónsson turned back after swearing allegiance to Þórður, and they now parted in friendship.

Þórður went to his farm Mýrar in the Vestfirðir.

When Eyjólfur Þorsteinsson escaped, he rode north to Flugumýri and told Kolbeinn what had happened.

Kolbeinn immediately gathered forces and posted sentries. He retained levies of troops scattered in several places for the rest of summer, feeling that he would thus be able to deal with any invasion of his region much quicker.

Nítjándi kafli

En er Þórður hafði litla hríð heima verið þá sendi hann menn alla vega frá sér til mannkvaðar og var sú mannkvöð svo frek að hver vígur maður skyldi fara. Dró Þórður flokk þann allan til Saurbæjar. Stóð þá Sturla upp hið fyrsta sinni með Þórði frænda sínum. Voru þá og menn kvaddir allt um Dali fyrir vestan Bröttubrekku. Var orpið á það að lið Þórðar mundi vera á áttunda hundraði.

En er þeir komu í Ljárskóga þá spurði hann það að seta var að Ásgeirsá. Voru þeir þar fyrir Illugasynir, Ari og Rögnvaldur. Þá sendi Þórður til Teit og Svarthöfða með sex tigi manna að hleypta upp setunni. Riðu þeir norður til Hrutafjarðar um kvöldið og um nóttina á Miðfjarðarháls. Laust þá á myrkva svo miklum að mennirnir skildust. Komust þeir Teitur eigi betur en nítján menn norður á Auðunarstaði. Urðu þeir þá varir við, er á hestverði voru af norðanmönnum. Sýndist þeim sem fjöldi liðs væri að kominn. Hleyptu þá Norðlendingar á fjall er í setunni höfðu verið. Ásbjörn reið til Ásgeirsár og nokkrir menn með honum og sá að ekki gerði eftir að riða.

Hurfu þeir Teitur þá aftur og riðu suður Holtavörðuheidi til Borgarfjarðar. Fundu þeir þá Þórð í Stafaholti. Reið Þórður þá með flokkinn allan á Ferjubakka og settist þar. Kom þá Böðvar Þórðarson utan frá Stað. Þorleifur Þórðarson kom og utan úr Görðum og hafði hvortveggi þeirra mikinn flokk.

Chapter Nineteen

After Þórður had been home for a little while he sent people out in all directions to raise troops: the order was that all able-bodied men should be conscripted. The army gathered around Þórður in Saurbær. It was on this occasion that Sturla first rallied to the side of Þórður his kinsmen, and people were summoned from everywhere in Dalir west of Brattabrekka. Altogether, the approximate strength of Þórður's forces was between 840 and 960 men.

When they came to Ljáskógar, Þórður discovered that there were sentries at Ásgeirsá. At the head of that company were Illugi's sons, Ari and Rögnvaldur. Þórður sent Teitur and Svarthöfði with a company of sixty men to disperse and push back the scouts. They rode north to Hrútafjörður in the evening and during the night along the ridge above Miðfjörður. The darkness was so profound that the army did not keep together, with the consequence that Teitur and his company arrived at Auðunarstaður numbering no more than nineteen. A group of Northerners guarding horses then spotted them, and it appeared to them that a great hoard had come. All the Northerners who had been keeping watch fled swiftly to the mountain. Ásbjörn and some companions now rode to Ásgeirsá but saw that there would be nothing to be gained by pursuing them.

Mikjálsmessudag hafði Þórður fund í Stafaholti. Var þar Sturla, Þorleifur og Böðvar. Þórður krafði þá frændur sína liðveislu og ferðar norður um land eða ella suður um heiði svo að hann mætti rétta skaða sinn við aðra hvora. En þeir kváðust eigi mundu veita honum til hernaðar á aðra menn upp, sögðu að þeir mundu ríða til þings með honum að sumri og veita honum til einhvers úrskurðar svo að hann fengi sóma sinn. Þórður tók því vel og þakkaði þeim, kveðst þenna kost þiggja vilja þótt honum væri sá starfameiri.

Reið Þórður þá ofan á Ferjubakka og lét alla flokkana sofa undir Þjóðólfsholti um nóttina.

En um morguninn í dögum þá kom Hákon galinn ofan úr héraði er hann hafði verið á njósn. Sagði hann að Kolbeinn Arnórsson ungi hefði verið um nóttina í Fljótstungu með þrjá tigi manna. Þótti þá öllum að sýnu ganga að stórflokkar mundu komnir í héraðið.

Þórður bað þá halda saman flokkunum öllum um daginn. Hafði hann þá svo mikið lið að orpið var á tólf hundruð manna. En hann reið upp í héraðið á njósn að vita hvað títt var. Reið hann þá upp á Gilsbakka og frétti þar að Kolbeinn hefði riðið norður á heiði.

Gerði Þórður þá menn á njósn norður á Tvidæguru en hann sat á Ferjubakka á meðan. En er þeir komu aftur segja þeir að setur væru þrennar í Skagafirði en kölluðu kyrrt allt annað, sögðu Kolbeinn hefði riðið norðan á njósn en engir höfðu til orðið aðrir. Þótti mönnum þar enn mjög sýnast hvatleiki Kolbeins að hann reið með svo fá menn að slíkum stórflokkum sem þar voru fyrir.

En er Þórður frá þetta þá dreifði hann flokkunum. Fóru þeir Böðvar og Þorleifur þá heim en Þórður reið vestur í fjörðu og Sturla.

Þóttust þá allir skilja, þeir er í þessari ferð höfðu verið með Þórði, að hann mundi verða hinn mesti höfðingi ef hann héldi sér heilum. Þótti og mönnum mikils um vert er hann hafði slíkum stórflokkum saman komið í svo fátækum sveitum.

Fór Þórður nú heim á Mýrar. Sat hann þá heima um veturinn allt um jól fram. En að jólum bauð hann til sín öllum bestum

Teitur and his company turned around and rode south over Holtavörðuheidi to Borgarfjörður, where they met Þórður at Stafholt. Þórður rode the whole force to Ferjubakki and remained there. Böðvar Þórðarson then came out from Staðastaður and Þorleifur Þórðarson from Garðar and each of those two had large companies.

On Michaelmas day Þórður held a meeting at Stafholt which Sturla, Þorleifur and Böðvar attended. Þórður demanded assistance from his kinsmen and their support on a campaign either to the North or South over the heath so that he could avenge his sufferings against one of their enemies. They replied that they did not want to aid him in waging war against others, but that they would ride to the assembly with him the next summer and help him to pursue a case there which would bring him honour. Þórður received this well and thanked them. He said that he would accept their proposal, even if it caused him more difficulty.

Þórður then rode down to Ferjubakki and had all his forces slumber under Þjóðólfsholt overnight.

The next morning as the sun rose, Hákon returned from the district where he had been posted as a sentry. He said that he had spotted Kolbeinn Arnórsson during the night at Fljótstunga with thirty men. Everyone thought that now it was likely that large armies would be facing off in the district.

Þórður then ordered the army to hold together for the whole day. He now had a great army: there were as many as 1,440 men. Þórður rode up to the district to seek out and know what news there was. He now rode up to Gilsbakki and discovered that Kolbeinn had ridden north up to the heath.

Þórður sent scouts northwards up to Tvidægra, but himself remained at Ferjubakki. When these men returned, they reported that while there were three sentries posted in Skagafjörður, all else was quiet. They also noted that Kolbeinn had ridden from the North to gather intelligence, but no others had come. People thought that Kolbeinn had been overly hasty in riding against such a large army with so few men of his own.

mönnum úr Vestfjörðum. Hafði hann þá veislu mikla á Mýrum. Strengdi Þórður þá heit og allir hans menn. Þórður strengdi þess heit að láta aldrei taka mann úr kirkju hverjar sakir sem sá hefði til við hann og það efndi hann. En er menn fóru í brott veitti hann mörgum mönnum gjafir. Voru þá allir meiri vinir hans en áður.

On hearing this, Þórður disbanded his army. Böðvar and Þorleifur returned home while Þórður and Sturla rode to the Vestfirðir.

All those who had participated in this campaign with Þórður now believed that he would become a great leader if he could keep himself away from harm. It was thought particularly estimable that he had been able to gather such a large army together from such impoverished districts.

Þórður now went home to Mýrar and wintered at home until shortly before Christmas. At Christmas time, he invited all the best men from the Vestfirðir to a feast at Mýrar. Þórður and all his men made promises. Þórður promised that he would never had a man taken from a church's sanctuary irrespective of what that person had done to him, and he would fulfill this pledge. As the attendees left, he gave them many gifts, and everyone was now in a state of more sincere friendship than they had been previously.

Tuttugasti kafli

Þenna vetur var Þórður Bjarnarson í Görðum með Einari Ormsyni frænda sínum. Hann hafði verið með Órækju í Reykjaholti að drápi Klængs Bjarnarsonar.

Ormur Bjarnarson reið með tólfta mann í Garða til Einars. Komu þeir þar síð um kvöldið í þann tíma er þeir Einar og Þórður ætluðu að ganga til baðs. Tóku þeir Ormur Þórð þar höndum. Leiddu þeir hann þá inn til stofu. Þórður varð við alla vega sem best og vasklegast og bauð fyrir sig allt það er honum sómði. En þá er hann sá að Ormur vildi ekki annað hafa en líf hans þá beiddist hann prestsfundar. Og svo var gert. Eftir það var hann leiddur í ytri stofuna. Lagðist Þórður þá niður opinn og bað þá hyggja að hvort honum blöskraði nokkuð. Ormur fékk þá mann til að höggva hann. Sá hét Einar munkur. Eftir það reið Ormur heim austur á Breiðabólstað.

Chapter Twenty

That winter, Þórður Bjarnarson was at Garðar with Einar Ormsson, his kinsman. He had been with Órækja at Reykholt when Klængur Bjarnarson was killed.

Ormur Bjarnarson rode in a company of twelve men to Einar at Garðar. They arrived there late in the evening at the time when Einar and Þórður intended to go and bathe. Ormur and his men arrested Þórður and led him into the sitting room. Þórður behaved best in all ways and offered in exchange for his life all that which would be honourable. However, when he saw that Ormur would not accept anything except for his life, he asked to meet with a priest. That was done. Afterwards, he was led into the outer room. Þórður then lay down on his back and asked them to watch to see if he blanched at all. Ormur then got a man to execute him. That man was named Einar munkur. After that, Ormur rode east to his home at Breiðabólstaður.

Tuttugasti og fyrsti kafli

Það er nú að segja þessu næst að Tumi Sighvatsson undi eigi í Flateyju. Fór hann þá inn til Meðalfellsstrandar að finna Snorra prest að Skarði Narfason. Hann var manna auðugastur í Vestfjörðum. Hann var og göfugur að ætt. Hann hafði verið alla ævi mesti ástvin Sighvats og Sturlu. Hann átti annað bú að Hólum á Reykjanesi. Voru þar fyrir synir hans, Bárður og Sigmundur.

Tumi beiddi Snorra að taka við búu að Hólum til fardaga. Snorri lét það uppi ef hann fengi honum handsalamenn þá er varða vildu að hann tæki þar við jafnmiklu fé að vori.

Tumi leitaði eigi eftir handsalamönnum en settist í búu að Hólum. Drifu þá til hans menn, Björn Dufgusson, Þorgeir stafsendi, Þorkell Einarsson dráttarhamar.

Þenna vetur í móti jólum tók að fækkast með þeim Þórði Sighvatssyni og Ásbirni Guðmundarsyni. Gerðist Ásbjörn þá svo stór að hann vildi nær jafnast við hann sjálfan. Bað Þórður hann þá gera annaðhvort, hafa sig í burt eða vera í hófi. Ásbjörn kvað hann eigi þurfa að reka sig í burt en kvað það vel fyrir því að sénar mundu vera framkvæmdir Þórðar þegar er hann færi í brott, sagði og að sá mundi heita mestur maður þeirra ávallt er hann var með.

Þorláksmessudag reið Ásbjörn í brottu og þeir þrír bræður, Grímur og Þorkell hnjóðhamar. Riðu þeir þá suður á Hóla. Tók

Chapter Twenty-One

Next, we must report that Tumi Sighvatsson did not feel satisfied on Flatey. He went to Meðalfellströnd and visited Snorri Narfason the priest at Skarð. Snorri was the wealthiest man in the Vestfirðir and of distinguished lineage. He had been the best of friends with Sighvatur and Sturla his whole life. Snorri had another farm at Hólar on Reykjanes. At that place his sons Bárður and Sigmundur lived.

Tumi asked Snorri if he could take over the farm at Hólar until the Moving Days. Snorri agreed to give it over to him through a handshake agreement on the condition that he receive an equal return of wealth in the spring.

Tumi did not bother to fetch guarantors but immediately set himself up at Hólar. Now men flocked to him, including Björn Dufgusson, Þorgeir stafsendi, and Þorkell dráttarhamar Einarsson.

This winter, around Christmas, a coolness arose between Þórður Sighvatsson and Ásbjörn Guðmundarson. Ásbjörn became so hubristic that he presented himself as almost Þórður's equal. Þórður told him to moderate his behaviour or get lost. Ásbjörn retorted that Þórður need not drive him away and that it would be well if Þórður realised how much of a nobody he would be without Ásbjörn, and that he would pledge himself always to the greatest man available.

Tumi þá við honum og var hann þar í góðu yfirlæti um jólin. Drifu þá að Tuma mjög margir menn aðrir.

Um veturinn á níu vikna föstu reið Tumi heiman af Hólum norður til Hrutafjarðar. Tók Ásbjörn það upp fyrir honum að hann skyldi vinna nokkur stórvirki og kvað þá eigi mundu þykja minna um hann vert en Þórð bróður hans. Þeir voru ellefu saman, fyrst Tumi og Ásbjörn, Grímur og Þorkell bræður, Björn kægill, Bitru-Keli, Bárður, Einar Oddason, Húnbogi svínsbógur, Bergþór Snorrason, Vestliði Bassason.

Tóku þeir þá það ráðs að þeir skyldu ríða norður á sveitir að nokkrum þeim mönnum er í sökum væru við Sturlunga.

En er þeir komu í Hrutafjörð til Fögrubrekku þá spurði Björn kægill Tuma hversu ferð sú væri ætluð.

Tumi segir að hann ætlaði að ríða norður á sveitir að bændum einhverjum.

Birni kvað þykja lið lítið en hestakostur engi: Þætti mér ráð að þú værir eftir en létir oss ríða þangað sem þér líkaði, kvað þar hóflegt til hætta.

Tumi lést ríða vilja. En þó kom þar að um síðir að hann varð eftir að Fjarðarhorni. Þeir spurðu hverju sætti.

Því að fyrirmaðurinn mun látast, sagði hann.

Það eitt mælti hann spámæli. En þar varð hann eftir í hlöðu.

En þeir Ásbjörn og Björn riðu norður til Miðfjarðar til Línakradals á þann bæ er í Múla heitir. Þar bjó sá maður er Magni hét. Hann var löngum heimamaður með Kolbeini á Flugumýri. Hafði hann þar verið um jólin. En er hann fór heim gaf Kolbeinn honum einn hinn besta hest, grán að lit, og skyldi hann halda njósnum til Þórðar þegar ef hann hrærðist nokkuð úr Vestfjörðum. Þeir tóku hús á Magna og brutu upp hurð og gengu inn. En er Magni varð var við að ófriðarmenn voru komnir á bæinn leitaði hann út um laundryr. Þeir urðu varir við manninn er undan þeim fór en myrkt var í húsunum. Magni komst út og hljóp af túninu. En er hann var skammt kominn frá húsunum þá sáu þeir Björn hann og hlupu eftir honum. Björn kægill komst á þann hest grán er Kolbeinn hafði gefið honum Magna en þeir hlupu sumir eftir honum. Björn komst fyrir hann. En er Magni sá að hann mundi eigi undan komast þá

On the mass day of Saint Þorlákur, Ásbjörn and his two brothers — Grímur and Þorkell hnjóðhamar — rode away. The brothers headed south to Hólar, where Tumi welcomed him. Ásbjörn remained there in comfort over Christmas. At that time, a large number of other men had also flocked to Tumi's side.

Over winter, during the nine week fast, Tumi rode away from Hólar and went northwards to Hrútafjörður. Ásbjörn suggested to Tumi that he perform some great work so that men would not think less of him than his brother Þórður. They numbered eleven men together: Tumi, Ásbjörn and his brothers Grímur and Þorkell, Björn kægill, Bitru-Keli, Bárður, Einar Oddason, Húnbogi svínsbógur, Bergþór Snorrason, and Vestliði Bassason.

They decided to ride north to those districts where lived some of the enemies of the Sturlungar.

When they came to Fagrabrekka in Hrútafjörður, Björn kægill asked Tumi what the purpose of their journey was.

Tumi replied that he wanted to ride into the northern districts to attack some of the householders there.

Björn replied by saying that, in his opinion, they were of little strength, and lacked horses, so 'I think it would be advisable if you remained behind and had us ride ahead to do your bidding, so that you do not come to any harm.'

Tumi said that he wanted to come, but the end of the matter was that he rode back to Fjarðarhorn. Everyone else asked Björn why he had asked Tumi to turn back.

He responded 'because the leader of this mission shall die.'

This was the only prophecy Björn ever spoke, but there were many further bad omens to come on that journey.

Ásbjörn, Björn, and the others rode north to Línakradalur in Miðfjörður to a farm called Múli. At Múli there lived a man named Magni, who had been an attendant of Kolbeinn's at Flugumýri for a long time and had stayed there over Christmas. When he left for home, Kolbeinn had give him an excellent horse, of grey hue, and he was instructed to inform Kolbeinn as soon as he set foot outside the Vestfirðir. They surrounded Magni's farm before smashing down the door and entering. When Magni became aware that enemies had arrived at the

snerist hann við. Hjuggust þeir Björn í móti og varð hvorgi sár. Björn hjó til hans í annað sinn og kom höggið fyrir ofan eyra á hálsinn og varð það mikið sár og banvænt. Eftir það tók Björn í fætur honum og sneri honum í loft upp og lagði sverði til hans og varð það lítið sár. Í því kom Ásbjörn að og spurði hví hann dræpi hann eigi. Hann kvaðst að hafa gert það er hann mundi. Ásbjörn gekk þá að honum og hjó af honum höfuðið. Síðan kom að Vigdís Markúsdóttir kona hans. Ásbjörn þerrði sverðið blóðugt á klæðum hennar en hún bað þeim margra fyrirbóna og bað guð hefna þeim skjótt sína mótgerð.

Eftir það sneru þeir aftur og spurðu að njósarmaður Kolbeins var á Torfustöðum. Sá hét Ásgeir og var kallaður Kollu-Geir. Riðu þeir þangað og brutu upp útidurahurð og hljóp Ásbjörn inn og bað kveikja ljós. Kollu-Geir hljóp upp og greip sinni hendi hvort, handsax og spjót, og lagði hvorutveggju senn til Ásbjarnar. Kom annað lagið í bringuna en annað í neðanverða brynjuna.

Ásbjörn mælti þá: Takið þér djöful þenna, hann vill vinna á mér.

Ásgeir er tekinn og leiddur út. Ásbjörn hét þá á sína menn að nokkur skyldi til verða að drepa hann en engi varð til. Ásbjörn snaraði þá buklarafetil að hendi honum. Bað hann þá einhvern mann að halda en hann brá sverðinu og segir að hann skyldi láta höndina og hjó síðan og kom á handlegginn uppi við öxl. En sverðið renndi með beininu og skar úr allan vöðvann allt ofan í ölnbogabót. Var það allmikið sár. Ásbjörn vildi höggva annað en Björn bað hann láta vera. Var Ásgeir þá inn borinn og varð við sár sitt allhraustlega. Kom þar til svo mikil blóðrás að eigi varð stöðvað. Lést Ásgeir áður en þeir Ásbjörn riðu í burt.

Þessa sömu nótt kom þeyr mikill og hlupu vötn fram og leysti árnar. Og er þeir Ásbjörn riðu vestur Hrutafjarðarháls sjá þeir tröll eitt mikið og fór það í svig við þá. Varð þeim ósvipt við en Ásbjörn hrakti þá þar um. En er þeir riðu inn að Brandagili sjá þeir eld mikinn brenna í fjarðarbotninum og varð þeim þar illt við.

En er þeir Ásbjörn komu til Staðar í Hrutafjörð var flæður sævar. Var þá eigi reitt yfir vaðal. Var fjörðurinn eigi ruddur af

farm he searched for a way out through a secret doorway. They became aware that the man had slipped the net, though it was dark in the house. Magni escaped and ran away from the compound. However, when Magni came a short distance from the house, Björn and the others saw him and chased after him. Björn kægill mounted the gray horse Kolbeinn had given to Magni while the others ran after him, pursuing on foot. Björn passed Magni and wheeled the horse around to face him. When Magni saw that he would be unable to escape, he turned towards them. Magni and Björn then began striking at each other but neither one left an injury on the other. Björn then thrust at him a second time and now cut hit him in the neck just above the ear: a great and fatal wound. Next, Björn grabbed Magni's legs, flipped him on his back, and impaled him with his sword, though that wound turned out only to be a small one. While this was going on, Ásbjörn came over and asked Björn why he had not simply killed him. Björn replied he was finished, but Ásbjörn stepped forward and decapitated him. Then Magni's wife, Vigdís Markúsdóttir came to them. Ásbjörn wiped his bloody sword on her clothes, and she spat a slew of curses at them and called on God to soon avenge the slaying.

After this, they turned for home, but discovered that one of Kolbeinn's sentries was posted at Torfastaður. This man's name was Ásgeir, though he was called Kolla-Geir. They rode there and broke down the outer door before Ásbjörn ran in and ordered the fire lit. Kolla-Geir leapt up and grabbed his seax in one hand and spear in the other, and began thrusting with each of his arms at Ásbjörn. One blow hit him in the chest and another in the lower part of his byrnie.

Ásbjörn then said: 'seize this devil, he seeks to wound me!'

Ásgeir was then arrested and led outside. Ásbjörn ordered that one of his men should volunteer to kill Ásgeir, but no one offered. Ásbjörn now wrapped the shoulder-strap from his buckler around Ásgeir's hand. Next, he ordered some man to hold it and he drew his sword, commenting that Ásgeir should lose the hand before slicing and severing the arm at the shoulder. The sword rent the bone and muscle all the way down to the elbow.

ísum en árnar ófærar hið næsta. Biðu þeir þar lengi um daginn fjörunnar. En er á tók líða daginn vildu þeir fyrir hvern mun vestur yfir ána því að þeim þótti eigi örvænt nema eftir þeim mundi riðið. Ráða þeir nú til vaðlanna og hverfa aftur. Ríða þeir nú upp með ánni og finna hvergi þar er þeim þætti yfir fært. Ásbjörn eggjaði að þeir skyldu á ríða og kallaði þá raga og kvað ekki áræði með þeim. Björn kvað ána ófæra því að hún lá á bökkum uppi. En er þeim voru minnst vonir hleypti Ásbjörn út á ána en hesturinn missti þegar fótanna og rak þegar í kaf hvorttveggja. En er Ásbjörn kom upp var hann af baki og hélt sér í stigreipin. En þeir er á landi voru réttu að honum spjót-skaftið og er hann vildi þar til taka varð honum laus hesturinn. Druknaði Ásbjörn þar og fannst eigi fyrr en um vorið eftir.

Síðan riðu þeir förunautar til vöðlanna og komust þar yfir um nóttina við illan leik og fundu Tuma í Fjarðarhorni. Riðu þeir síðan vestur til Dala. Fór Tumi heim á Hóla.

That was an almighty wound. Ásbjörn wanted to cut again but Björn asked him to let Ásgeir be. Ásgeir was then borne inside and dealt with his wound most manfully. There was so much blood loss and it could not be stymied. Ásgeir died and Ásbjörn and his companions rode away.

That same night there was a great thaw and the water level in the lakes and rivers rose dramatically. As Ásbjörn and his companions rode west over Hrótafjarðarháls, they saw a large troll cross the path in front of them. This made them feel uneasy, apart from Ásbjörn who criticised their lack of courage. When they rode into Brandagil, they saw a great fire burning at the head of the fjord and they became still more uneasy. When Ásbjörn and his companions came to Staður in Hrótafjörður, the sea was at flood-tide. At that time it was not possible to cross the ford on horseback. The fjord was not free of ice and the rivers were next to impassable. They waited for most of the day for the water level to drop.

Nevertheless, as the day drew on, they wanted beyond all else to get west over the river because they thought it would not be unlikely if men rode after them. They now aimed to ford the river and turned back. They rode now up along the river but found no place where they could cross. Ásbjörn urged them to ride across, calling them faggots and saying they lacked courage. Björn said the river was impassable

[Here the text of Króksfjarðarbók begins anew]

because it had burst its banks. But when they were least expecting it, Ásbjörn charged his horse out into the river but the horse immediately lost its footing and both were dragged beneath the surface. When Ásbjörn resurfaced he had fallen off the horse's back, though his feet remained in the stirrups. Those who had remained on dry ground lent out a spear shaft to him, but when he tried to grab it, he came loose from the stirrups. Ásbjörn drowned there and his corpse was not recovered until the following spring.



Fig. 7. Sauðafell in Dalir – Sturla Sighvatsson’s home. Source: Wikimedia, https://commons.wikimedia.org/wiki/File:Sau%C3%Boafell_01.jpg.

Now the band rode to the ford and only just managed to cross it during the night and found Tumi at Fjarðarhorn. They rode west to Dalir, and Tumi went himself from there to Hólar.

Tuttugasti og annar kafli

Þenna vetur hinn sama eftir jól bjó Þórður ferð sína vestan af Mýrum og fór norður til Ísafjarðar en hann sendi Hrafn Oddsson og Svarthöfða suður til Dala að segja vinum sínum að hann ætlaði að ríða norður til Skagafjarðar.

Í þenna tíma tók að sækja svo mjög að Kolbeini unga það mikla mein er hann tók eftir Örlygsstaðafund. Það sótti hann svo fast að hann varð löngum banvænn af.

En þenna hinn sama vetur stefndi hann fjölmennan fund í Geldingaholti. Komu þar til allir hinir stærstu bændur í Norðlendingafjórðungi. Bauð Kolbeinn bóndum tvo kosti, talaði langt erindi og sagði deili á um vandræði þeirra Þórðar. Taldi þá upp mannalát þau er hvor þeirra hafði fengið fyrir öðrum. Kveðst þann kost vilja bjóða þeim annan að fara utan og gefa Þórði upp ríki öll og bæta honum svo föður sinn og bræður: Munuð þér þá verða að eiga yðvart mál á hans miskunn. Varir mig að yður mun Þórður gefast vel fyrir því að þá gafst Þórður mér best er eg hætti mest mínum hlut undir hann. Voruð þér þá og vinir, Skagfirðingar og hann.

Þeir kváðust þenna kost eigi vilja og kváðu þar tvennt til vera það er fyrir beit: Annar sá að við viljum öngum þjóna öðrum en þér meðan er þú lifir en hinn er annar að Þórði munum vér þykja hafa gert svo miklar sakir við sig að vér munum ekki bera mega þær refsingar er hann leggur á oss.

Chapter Twenty-Two

This same winter, after Christmas, Þórður departed Mýrar and travelled north to Ísafjörður. He sent Hrafn Oddsson and Svarthöfði to Dalir to let his friends know that he intended to ride north afterwards to Skagafjörður.

At that time, the great wound that Kolbeinn had suffered after the Battle of Örlygsstaðir began to pain him so greatly that he felt he was at death's door.

This same winter he summoned a meeting of the people at Geldingaholt. All the biggest farmers in the Northern Quarter came there to him. Kolbeinn offered the farmers two choices and delivered a long speech discussing the troubles between Þórður and them. He mentioned then the loss of men, which each of them had inflicted upon the other. Kolbeinn said that he wanted them to choose one of two alternatives. The first option was that he would go abroad and give up to Þórður his whole domain and so compensate him for his father and brothers, and 'you would then be obliged to have your affairs at his mercy. I am aware that Þórður will prove good to you, because Þórður proved best for me when I depended on him most. You were also friends then, the Skagfirðingar and him.'

They responded that they would never accept this alternative for two reasons: 'one is that we shall serve no-one other than you for as long as you live, and the other is that Þórður will consider

Kolbeinn sagði þann kost vera annan að þér haldið setum það sem eftir er vetrar, einni í Skagafirði, annarri í Vatnsdal, þriðju í Víðidal, væri og uppi almenningur þegar er sú njósn kemur sem líklegt væri að Þórður sé nokkur í nánd þeim.

Bændur kváðust þenna kjósa mundu hvað sem þá kostaði að þeir héldu sér saman.

Þá mælti Kolbeinn til Þorsteins Hjálmssonar, sagði að hann vildi senda hann til Þórðar að leita um grið fram til þings. Þorsteinn kveðst eigi þá ferð mundu undir höfuð leggjast ef hann fengi til fleiri dugandi menn með honum. Kolbeinn bað hann kjósa mann með sér. Þorsteinn kveðst kjósa mundu Eyvind bratt stýrimann. Kolbeinn kvað svo vera skyldu.

Gengu þeir þá á tal þrír samt. Bað Þorsteinn að Kolbeinn skyldi gera fyrir guðs sakir að gefa honum nokkuð sættarefni að flytja til Þórðar. Kolbeinn kveðst vildu að hann flýtti jafnsætti. Þorsteinn sagði að Þórði mundi það eitt þykja jafnsætti að hann tæki eignir sínar allar. Kolbeinn kveðst allar að lögum fengið hafa og kveðst öngvar láta mundu fyrir dóma fram.

Eftir það riðu þeir Þorsteinn og reið Kolbeinn á leið með þeim til Jökulsár.

Þá spurði Þorsteinn Kolbein ef Þórður væri kominn á leið með flokk úr Vestfjörðum ef Kolbeinn vildi nakkvað auka boðin og yrði þeim flokki þá heldur hnekkt en áður.

Kolbeinn kvað Þorstein heyrta hafa tal þeirra bónda á fundinum og sitt en hversu sem með oss fór þá vil eg á það hætta að gefa Þórði frænda mínum upp allan Norðlendingafjórðung og ráðast frá með öllu. Vil eg að allir menn hafi þá frið, lífs grið og lima.

Þorsteinn bað hann segja Eyvindi þetta mál er hann var undan fram riðinn.

Kolbeinn kvað það öngu skipta hvort þetta vissu fleiri menn: Austmenn eru oft skjótorðir en eg vil þetta því að einu bjóða eða upp láta að þú sjáir að vér höfum ófrið í annan stað.

Riðu þeir þá þar til er þeir komu vestur í Dali. Fengu þeir þá brátt njósn af að Þórður var vestan kominn. Fundu þeir Þórð að Skarði og gengu þeir Þorsteinn á tal. Bar Þorsteinn fram orðsending Kolbeins bæði um grið og sættir. Þórður kveðst engi

us to have harmed him so much that we will receive such retribution from him as we will be unable to endure.’

Kolbeinn now told them that the second option was that they were to post sentries for the rest of winter: one party in Skaga-fjörður, another in Vatnsdalur, and a third in Viðidalur, and always be ready to go immediately if intelligence was received that Þórður was likely to be somewhere near them.

The householders responded by saying that they would all hold to this condition, whatever the cost.

Next, Kolbeinn told Þorsteinn Hjálmsson that he would send him to Þórður to negotiate a truce until the assembly. Þorsteinn said that he would only go if Kolbeinn provided other good men to accompany him on the journey. Kolbeinn asked him to choose which man he wanted as a companion. Þorsteinn said that he would choose Eyvind bratt — a captain — and to this Kolbeinn agreed.

Then the three of them had a talk together. Þorsteinn asked Kolbeinn for God’s sake to propose terms of reconciliation which he could convey to Þórður. Kolbeinn responded that he wanted to propose a peace settlement that would be of equal benefit to both sides. Þorsteinn replied that Þórður would only agree to a settlement that returned to him all his patrimony. Kolbeinn retorted that he had gotten all of that property legally and would not surrender them to anyone without a legal judgment.

Now Þorsteinn and his companion rode off and Kolbeinn accompanied them on the way to Jökulsá.

Þorsteinn inquired of Kolbeinn what concessions he would make if Þórður had an army with him from the Vestfirðir and needed to be prevented from attacking.

Kolbeinn replied that Þorsteinn had heard what had been said at the meeting with the householders, ‘but’ he said ‘irrespective of what was decided there, I will offer to surrender the whole of the Northern Quarter to my kinsman Þórður, though I would ask in return that Þórður grant mercy to those living there and guarantee safety to them of life and limb.’

Þorsteinn asked if he could tell Eyvind when Kolbeinn rode away from them.

grið vilja, sagði og að hann vildi í öngra manna dóm leggja eignir sínar eða mannaforráð í Eyjafirði. Þeir Þorsteinn og Eyvindur þóttust þá skilja, að Þórður mundi ætla sér að ríða norður á sveitir, af viðurbúnaði þeirra. Urðu þeir og þess varir að Sturla mun þá og í ferð verða með Þórði. Lét Þorsteinn þá uppi öll þau boð er Kolbeinn bauð fremst. Eyvindur kveðst ekki þetta kunna að segja og kveðst eigi þessi boð heyrta hafa. Þorsteinn bauð eið sinn á ef Þórður vildi þá heldur trúa. Þórður gerði þá ráð sín og vinir hans. Lögðu margir gott til. Tók Þórður það af að hann seldi grið fram um páskaviku en játaði sættum, skyldi og þess vera skyldur að gera Þórði mann norðan um langaföstu ef hann vildi þessi sættarboð halda, svo og ef nokkur efni væru í.

Þorsteinn reið nú norður til móts við Kolbein en Þórður fór vestur í fjörðu.

En er Þorsteinn kom norður og bar upp erindi sín fyrir Kolbeini, nú kveðst Kolbeinn það aldrei mælt hafa að gefa Þórði upp Norðlendingafórðung. Þorsteinn kveðst ekki annað flutt hafa en það sem Kolbeinn bauð honum hver raun sem til væri ger við hann.

Tók Kolbeinn þá grið fram um páskaviku en vildi ekki þá sætt er Þorsteinn hafði boðið Þórði af hans hendi.

Reið Þorsteinn við þetta vestur heim og líkaði stórilla og kveðst aldrei síðan skyldu fara með sættarboðum af Kolbeins hendi. Gerði hann þegar mann vestur til Þórðar og sagði honum hvað títt var. En er þetta fréttist mæltu menn allmisjafnt til Þorsteins.

However, Kolbeinn responded that there was nothing to gain from anyone else knowing this, and he said 'Norwegians are often loose-lipped, and I only want you to make this known or offer this if it is apparent to you that we shall be ravaged by warfare otherwise.'

Þorsteinn and Eyvind now rode west until they arrived in Dalir. They were soon told that Þórður had arrived from the west. They met Þórður at Skarð, and he and Þorsteinn began conversing. Þorsteinn presented Þórður with Kolbeinn's offer of both a truce and settlement. Þórður replied that he would neither agree to a truce nor would he allow custody of his property and authority in Eyjafjörður to be determined by any man. From this, Þorsteinn and Eyvind were able to discern that Þórður was planning to attack the North, and they discovered that Sturla intended to accompany Þórður on this campaign. Þorsteinn mentioned the concessions that Kolbeinn had offered. Eyvind stated that he could not confirm Kolbeinn had sanctioned such an offer. Þorsteinn said that he would swear an oath concerning the truth of the offer if it would convince Þórður of his sincerity. Þórður then kept his own counsel and that of his friends. Many were in favour of accepting the offer. He decided to agree to a truce over Easter week and accept the settlement offered by Þorsteinn. Kolbeinn was to send a messenger to Þórður during the long fast to notify him whether or not the agreement would be honoured.

Þorsteinn then rode back north to meet Kolbeinn, while Þórður returned to the Vestfirðir.

When Þorsteinn returned north and reported back concerning his errand, Kolbeinn denied that he had ever said he would give up the Northern Quarter to Þórður.

Þorsteinn stated that he had never offered anything to Þórður other than that which Kolbeinn had given him permission to everyone who asked him.

Kolbeinn agreed to a truce over Easter week, but refused to fulfil the settlement that Þorsteinn had offered Þórður on his behalf.



Fig. 8. Snorralaug at Reykholt — the home of Snorri Sturluson. Source: *Wikimedia*, <https://upload.wikimedia.org/wikipedia/commons/5/5c/Snorralaugio.JPG>.

On hearing this, Þorsteinn rode west to his home. Þorsteinn was extremely dissatisfied and said that he would never again offer to negotiate a settlement on Kolbeinn's behalf. Þorsteinn immediately sent a man west to Þórður to tell him how things stood.

When this news arrived, men thought most unfavourably of Þorsteinn.

Tuttugasti og þriðji kafli

Um vorið í páskavíku átti Kolbeinn fjölmennan fund. Komu þar til Eyfirðingar. Sagði Kolbeinn þá öllum vinum sínum að þeir skyldu svo við búast að hann mun ríða vestur á sveitir þegar eftir páskavíku. Stefndi hann Eyfirðingum norðan að nefndum degi til móts við sig.

Kom norðan Hallur af Möðruvöllum, Þorvarður Þórðarson úr Saurbæ, Þorvarður Örnólfsson úr Miklagarði, Guðmundur Gilsson undan Hvassafelli. En er þeir komu vestur í Skagafjörð þá var þar lið saman dregið.

Réðust þeir þá til ferðar með Kolbeini Brandur Kolbeinsson frá Stað, og Broddi Þorleifsson mágur hans. Ríðu þeir þá með flokkinn vestur til Langadals. Voru þar þá menn upp teknir og svo allt vestur til Miðfjarðar. Reið Kolbeinn þá vestur til Hrutafjarðar til Staðar og þar áðu þeir og höfðu þá þrjú hundruð manna.

Skipti Kolbeinn þá í tvo staði liði sínu. Setti hann höfðingja yfir aðra sveitina Brand Kolbeinsson og Brodda Þorleifsson. Ríðu þeir til Laxárdals. Bað hann þá fara hermannlega og muna Vatnsdalsför. Var þá nefndur til Sturla Þórðarson að þeir skyldu hann drepa ef þeir næðu honum og Björn drumb Dufgusson.

Kolbeinn lýsti því að hann mundi ríða með sína sveit að Tuma Sighvatssyni á Reykjahóla og skyldu þeir finnast í Gilsfjarðarbotni þá er þeir ríðu norður aftur.

Chapter Twenty-Three

In the spring, during Easter week, Kolbeinn held a large meeting. The Eyfirðingar attended this. Kolbeinn then told all his friends that they should prepare themselves to ride to the western districts immediately after Easter week. He summoned the Eyfirðingar from the north to meet with him on a named day.

From the north came Hallur of Möðruvellir, Þorvarður Þórðarson of Saurbær, Þorvarður Örnólfsson of Miklagarður, and Guðmundur Gilsson from Hvassafell. When they came west to Skagafjörður, the army was pulled together.

Brandur Kolbeinsson from Staður and Kolbeinn's brother-in-law Broddi Þorleifsson rode to meet with Kolbeinn for his journey. They now rode west with the army to Langadalur. Men continued joining the army all the way west as far as Miðfjörður. Kolbeinn rode now west to Staður in Hrutafjörður and when they counted the army there they found that it numbered 360 men.

Kolbeinn next divided his army into two companies. Brandur Kolbeinsson and Broddi Þorleifsson commanded one of these and they rode to Laxárdalur. He ordered them to go raiding to avenge the attack on Vatnsdalur, and it was strongly enjoined on them that they should kill Sturla Þórðarson and Björn drumbur Dufgusson if they laid hands on them.

En er þeir riðu yfir vöðla á Hrútafirði þá sáu menn reið þeirra fyrir vestan fjörðinn. Hljópu menn þá vestur til Dala og svo vestur til Saurbæjar.

Fór þá Sturla vestur til eyja en Böðvar frá Hvoli og Þorgeir stafsendir og Hallur úr Tjaldanesi fóru yfir á Hóla og sögðu Tuma að ófriðar var von.

Tumi brá við skjótt og lét setja fram skip og fékk þar menn til gæslu að eigi skyldi uppi fjara. En Björn Dufgusson kægil sendi hann inn í Króksfjörð og Þorkel Árnason og Halldór barm. Skyldu þeir þar halda hestvörð.

Þeir riðu á bæ þann er að Tindum heitir. Þar bjó þá Þórður Gilsson. Þaðan máttu þeir sjá inn fyrir Króksfjarðarmúla. Héldu þeir þar vörð.

Nú verður þar til að taka er fyrir var frá horfið að Kolbeinn reið út með Hrútafirði. Og er hann kom í Bæ til Torfa þá hljóp Gils son hans út og vildi gera njósn nábúum sínum. En þeir Kolbeinn sáu hann og riðu þeir eftir honum. Gegnir Illugason kom fyrst að honum og lagði þegar í gegnum hann. Þar lést Gils. Þótti þetta verk allillt því að þeir feðgar voru vandlega saklausir.

Þeir Kolbeinn riðu það kveld í Bitru og tóku þar alla bæi um nóttina. En um morguninn eftir riðu þeir til Kleifa og fengu þar sannar fréttir að njósn var allt gengin fyrir þeim á Reykjahóla. Þá sögðu margir að eigi mundi ríða þurfa lengra og báðu að aftur væri horfið, kváðu Tuma eigi mundu heima vera. Kolbeinn kvað ríða skyldu allt að einu, sagði Tuma heima mundu ef hann væri feigur.

Riðu þeir þá út með Gilsfirði. Þá bjó í Garpsdal Gunnsteinn Hallsson og Vigfús son hans. Þeir Kolbeinn létu þar alla hluti í friði en hvergi annars staðar og renndu menn grunum á fyrir hvað þetta var.

Annan dag viku riðu þeir í Gilsfjarðarmúla og þar særðu þeir til ólífis Jón son Halls Hallssonar.

Þeir riðu í Garpsdal og gerðu þar engar óspektir en þar létu þeir eftir nær sex tigu manna.

Þeir komu á Gróstaði. Þá mælti kona sú er Helga hét Jónsdóttir einmæli við Kolbein. Eftir það hreykti hann hestinn og kvað konuna vel segja.

Kolbeinn then proclaimed that he would ride with his contingent to Reykjahólar where Tumi Sighvatsson was, and that they should rendezvous at Gilsfjarðarbotn when they were to return north.

As they rode over the ford at Hrutafjörður, men now saw them riding west from the fjord. People then ran west to Dalir and also to Saurbær.

Sturla thus went out to the islands, as did Böðvar of Hvál. Þorgeir stafsendi and Hallur of Tjaldanes went over to Hólar and told Tumi that war was expected.

Tumi immediately prepared defences and he had a ship launched and instructed men to ensure that it was not beached when the tide went out. Concurrently, he sent Björn kægill Dufgusson, Þorkell Árnason, and Halldór barm into Króksfjörður. They were to hold a mounted guard.

They rode to the farm which is called Tindar. At that time, Þórður Gilsson lived there. From there they were able to see beyond Króksfjarðarmúli. They held their watch.

Now we must take up where we left off before with Kolbeinn riding out along Hrutafjörður. When he came to Torfi's place at Bær, his son Gils ran out, intending to warn his neighbours. However, Kolbeinn and his men saw him and rode after him. Gegnir Illugason reached him first and immediately stabbed him. There Gils died. This was thought an utterly evil deed because father and son were complete innocents.

Kolbeinn and his companions rode that evening to Bitra and took over the farm overnight. During the morning after they rode to Kleifar and got there reliable intelligence that news of their coming had gone ahead to Reykjahólar. At that, many said that there would be no point riding any longer and asked to turn back because Tumi would not be at home. Kolbeinn said they were all to ride as one and that Tumi would be home if he was fated to die.

They rode along Gilsfjörður. At that time, Gunnsteinn Hallsson and his son Vigfús lived at Garpsdalur. Kolbeinn left everything there untouched, but nowhere else, and people were suspicious as to what the reason for this was.

Þeir fundu fyrir Króksfjarðarmúla Halldór hornfisk og Ingiríði konu hans og Ólaf Brandsson. Gísli Barkarson reið fyrir. Hann bað Halldóri griða og kvað hann frænda Vigfúss. Kolbeinn spurði hann hvar njósnaarmenn Tuma væru. Halldór kvað þá vera að Tindum og munu feigir, sagði hann.

Þeirustu Ólaf með öxi.

Veður var kaffþykkt og drifanda og mátti skammt sjá.

Next, Kolbeinn had all the vessels impounded, taking some with him and having the rest burned. On this expedition things were done that never had been before in Iceland. He had some whales seized and some he had set on fire and burned up, saying that neither Þórður nor his men should feed themselves with them to wage war against him. Kolbeinn now raided the whole of Strandir and sailed thence to the Vestfirðir and said that they would lay waste such that Þórður might never be able to raise forces for war from there.

Geirmundur son Fanga-Ljóts sá þá skipin er hann var á njósn og fór þegar þar til er hann fann Þórð og sagði honum. En Kolbeinn fór þá með skip sín inn til Æðeyjar og lagði þar til hafnar. En er Geirmundur kom í Holt sat Þórður yfir borðum og hans menn allir. En þegar er Geirmundur mátti segja tíðindi þá bað hann Þórð úti verða, sagði að Kolbeinn mundi ókominn aðeins vera nema hann hefði siglt inn til Ísafjarðar.

Var þá hrundið fram borðunum og hljópu menn þá til vopna og herklæddust en sumir leituðu að hestum. En er hestarnir komu að þá sendi Þórður alla vega menn frá sér til mannsafnaðar. Hrafn Oddsson sendi hann vestur á Rauðasand og Barðaströnd og um alla Vestfjörðu sendi hann menn. En Ingjald Geirmundarson sendi hann til móts við Sturlu Þórðarson og Þorleif Þórðarson og Böðvar Þórðarson að þeir kæmu allir til móts við hann í Breiðafjörð. En Eyjólf Eyjólfsson sendi hann til Ísafjarðar að safna þar mönnum. En Þórður sjálfur skyldi safna liði um Önundarfjörð og skyldu finnast allir saman laugarkveldið út í Dýrafirði.

En er Kolbeinn kom í Æðey þá fann hann Þórdís Snorra-dóttir og Einar Þorvaldsson og sendu þá orð öllum hinum stærrum bóndum fyrir norðan Ísafjörð og öllum þeim sem í friði vildu hafa fé sitt og fjör, þá skyldu allir koma til móts við Kolbein og sverja honum trúnaðareiða. Skutust þá margir við Þórð í trúnaðinum og fóru til fundar við Kolbein. Sumir lágu úti á fjöllum með bú sín svo að aleyða voru eftir bæirnir.

Fyrir norðan Dýrafjörð kom Þórður ekki upp mönnum og gafst þá upp safnaðurinn. Fór Þórður þá út á Eyri. Kom þá Hrafn og Gísli vestan að til Arnarfjarðar með níu tigi manna. Fundust þeir Þórður þá. Þótti honum þá engi föng á viðtöku þó að Kolbeinn sigldi vestur í fjörðuna. Lét hann þá fara heim hið óknálegra liðið en lét taka fjóra teinæringa og lét flytja til Barðastrandar og sté þar á skip með sex tigu manna og fór suður um Breiðafjörð til Fagureyjar. Fann hann þar Sturlu frænda sinn. Spurði hann þá að Gissur Þorvaldsson var kominn í Breiðafjarðardali með fjölmenni. Hafði hann þá sæst við Jón Sturluson. Voru mál öll lögð í konungs dóm.

The day after the mass day of Saint Peter, Kolbeinn sailed through Ísafjörður.

Geirmundur, the son of Fanga-Ljótur, saw the ship that he had been looking out for and straightaway headed off until he found Þórður and informed him. Kolbeinn now went with his ship to Æðey and laid them there in the harbour. When Geirmundur came to Holt, Þórður was sat at table with all his men. As soon as Geirmundur could, he told them the news and asked Þórður to leave, saying that Kolbeinn would be arriving imminently unless he had sailed into Ísafjörður.

Now the tables were pushed away and men seized their weapons and donned their armour and some searched for horses. When the horses arrived, Þórður sent messengers in all directions to raise troops. Hrafn Oddsson he sent westwards to Rauðasandur and Barðaströnd, and others all around the Vestfirðir. He also sent Ingjaldur Geirmundarson to Sturla Þórðarson and Þorleifur Þórðarson to Böðvar Þórðarson, to call on both to meet him in Breiðafjörður. Still further, he sent Eyjólfur Eyjólfsson to Ísafjörður to gather men there. Þórður himself went to gather men in Önundarfjörður. Everyone was to rendezvous in Dýrafjörður on Saturday night.

When Kolbeinn came to Æðey, he met Þordís Snorradóttir and Einar Þorvaldsson. They sent messengers to all the most substantial householders from north of Ísafjörður, letting them know that all who wanted to save their lives and property should come to Kolbeinn and swear him an oath of allegiance. Now, some men renege on their loyalty to Þórður and sought out Kolbeinn. Nevertheless, other hid in the mountains with their livestock, leaving their farms empty.

Þórður did not succeed in raising troops north of Dýrafjörður and he then abandoned his attempt to recruit men. Þórður went out to Hrafnseyri. Hrafn and Gísli came from the west to Arnarfjörður with ninety men. They met Þórður then. Þórður now deemed that they did not have a large enough gathering to resist Kolbeinn should he sail west and into the fjord. After this, he let the weaker members of his force go home but had seized four ten-oared boats and had them moved to Barðaströnd. He

En er Þórður spurði að Gissur var út kominn þá söfnuðu þeir liði Þórðarsynir, Sturla og Böðvar, um Borgarfjörð og út um Snæfellsnes og utan um Skógarströnd og um Gilsfjörð.

En er Gissur spurði að Þórður var vestan kominn og hafði liðsafnað þá ríður Gissur þegar suður aftur.

Þetta sumar var Tósti Dagfinnsson fótþöggvinn báðum fótum. Hét sá maður Ingólfur og var Ólafsson er honum veitti áverka.

Kolbeinn sigldi vestan þá er hann þóttist til þess búinn vera og sat þá heima á Flugumýri um kyrrt.

Þórður fór þá vestur í fjörðu og sat á Eyri um sumarið. Var þá kyrrt um hríð.

boarded along with sixty other men and headed southwards over Breiðafjörður to Fagurey where he met his kinsmen Sturla. Here, he discovered that Gissur Þorvaldsson had come to Breiðafjarðardalur with a large number of men. He had reached a settlement with Jón Sturluson, and all their disagreements were to be arbitrated by King Hákon.

After Þórður discovered that Gissur had returned to Iceland, the sons of Þórður Sturluson, Sturla and Böðvar, gathered men from Borgarfjörður, Snæfellsnes, Skógarströnd, and Gilsfjörður. When Gissur heard that Þórður had arrived from the west with forces, he immediately fled south.

That summer, Tósti Dagfinnsson had his legs cut off by a man named Ingólfur Ólafsson.

Kolbeinn sailed home when he considered his mission complete and resided quietly at Flugumýri. Þórður returned to the Vestfirðir and remained alert throughout the summer. All was quiet now for a while.

Þrítugasti og sjötti kafli

Þórður kom vestan milli Maríumessna með mikla sveit og riðu þeir Sturla þá suður í Dala og kvöddu menn upp. Þeir fengu þá enn hundrað manna og riðu norður Haukadalsskarð og ætluðu að Kolbeini til Skagafjarðar. Þeir riðu til Miðfjarðar og svo norður þar til er þeir komu í Miðhóp. Þá sáu þeir að njósnir gengu fyrir þá út til Þingeyra en þar voru menn Kolbeins, Ólafur chaim og annar.

Maður hét Harri er þar bjó í Miðhópi. Hann var þá í braut riðinn og hafði hest allgóðan. Riðu þeir Þórður þá norður til Hólavaðs. Sá þá norður til bæjanna að sumir hleyptu í fjallið en sumir norðurleiðina.

Gerðist þá kurr í liðinu að óráðlegt væri að ríða lengra. Var þá um rætt að Sturla skyldi eiga um við Þórð að aftur væri snúið. Sturla vildi það eigi því að honum þótti þeir hafa á mælt sér um sumarið að þeir hefðu slæga riðið að þeim Brandi Kolbeinsyni. Riðu þeir þar til er þeir komu til Giljár.

Þá ræddi Þórður um að þeir skyldu aftur snúa: Sé eg nú að þér metið við mig atkvæði.

Þeir riðu um kveldið í Miðhóp en um daginn eftir vestur til Hrutafjarðar og lágu úti um nóttina á Hrutafjarðarhálsi.

En þann aftan kom Kolbeinn með þrjú hundruð manna í Miðfjörð og komust þeir nauðulega í kirkju Gilssynir, Kálfur og Úlfhéðinn. En síðan sendi Kolbeinn Kálf vestur eftir Þórði að

Chapter Thirty-Six

Þórður arrived from the west with a great army between the mass days of Mary. Sturla and Þórður then rode south to Dalir and raised troops: they gathered 120 men. Next, they rode northwards over Haukadalsskarð, heading for Kolbeinn in Skagafjörður. They rode to Miðfjörður and thence further north until they arrived at Miðhóp. There they learned that news of their coming had already arrived at Þingeyrar, where Ólafur chaim and another of Kolbeinn's men were.

There lived a man named Harri at Miðhóp: he was away and had a good horse. Þórður and his men rode north to Hólavað. They saw that north of the farms, the householders had run into the mountains or along the roads leading north.

Then many in the army deemed it was inadvisable to ride any further, and they asked Sturla to convince Þórður to turn around. But Sturla would not do this, because he thought that — when he was in command in the summer — he had not attacked Brandur Kolbeinsson and his forces with sufficient vigour. They continued on until they came to Giljá.

Now Þórður declared that they would turn back: 'I see that it is up to me to decide.'

In the evening they went to Miðhóp and the next day west to Hrútafjörður. They slept outside at Hrútafjarðarháls.

leita um sættir eða grið og fann hann Þórð á Staðarhóli. Voru þá enn grið sett til veturnáttu.

Jafnan lét Kolbeinn leita um sættir en aldrei vildi hann sveitir eða goðorð upp gefa eða fé það er Sighvatur hafði átt.

Meðan þeir voru norður urðu afturreka skip tvö í Hvítá, Eyvindur brattur er út lét úr Dögurðarnesi og Höfðabússan er þar hafði út látið.

Þórður fór nú í fjörðu vestur og var á Eyri um veturinn en stundum suður í sveitum. Þann vetur kvongaðist Hákon galinn.

En um vorið tóku til meðalferðir. Var það þá mælt að þeir mundu fara utan báðir, Kolbeinn og Þórður, og skyldi Hákon konungur gera um öll mál þeirra en Kolbeinn skyldi láta fá Þórði sex tigu hundraða vaðmála til fararefna. Og það kom fram og var vara sú færð til Hvítár.

That evening, Kolbeinn arrived in Miðfjörður with 360 men, and the sons of Gils, Kálfur and Úlfheðinn, barely made it into the church. Then Kolbeinn sent Kálfur west to Þórður to negotiate a settlement or truce. Kálfur met Þórður at Staðarhóll. There was to be a truce during the winter nights.

Kolbeinn was constantly offering a settlement, but never wanted to give up the districts, chieftaincies, or property which had belonged to Sighvatur.

While they were in the north, two ships were driven back to Hvítá: Eyvind bratt's vessel which had sailed to Dögurðarnes, and Höfðabússan which had sailed out from Hvítá.

Þórður went to the Vestfirðir, spending the winter at Hrafnseyri and sometimes in the south of the region. That winter, Hákon galinn married.

In the spring, mediators went between the two sides. It was agreed that both Kolbeinn and Þórður would go abroad and that King Hákon would arbitrate all cases between them. It was also decided that Kolbeinn would give Þórður the equivalent of 7,200 ells of wadmal to fund his travel. This was duly provided and shipped to Hvítá.

Þrítugasti og sjöundi kafli

En er á leið vorið tók mein Kolbeins að vaxa og lagðist hann í rekkju. Sá hann þá að hann var ekki fær til utanferðar.

Var þá sent eftir Gissuri og kom hann norður. Tók þá að líða að um mátt Kolbeins. Vildi hann allt fá Gissuri í hendur og þeim Brandi Kolbeinssyni. En Gissur var þess eigi búinn en hét að veita Brandi frænda sínum, ef hann væri fyrir sveitum, allt slíkt gott sem hann hefði fõng á og færi. Var það þá ráðs tekið að sent var vestur til Þórðar og voru þá upp gefnar sveitir fyrir norðan Öxnadalsheiði og svo öll hans föðurleifð. Skyldi hann þá selja grið í mót og játta sættum. En öll héruð fyrir vestan Öxnadalsheiði voru fengin Brandi Kolbeinssyni allt til Hrutafjarðarár. Skyldi hann veita Gissuri slíkt er hann vildi og hvor þeirra öðrum. Voru bændur í Skagafirði til Brands fúsastir þegar Kolbein leið því að hann var vinsæll af allri alþýðu. Vildi Kolbeinn og Brand helst í sinn stað. Lýsti Kolbeinn því og þá fyrir öllum mönnum þeim er þá komu að finna hann í sjúkleikanum að Brandur ætti allan þorra goðorða í Skagafirði og mikið fyrir vestan heiði þó að hann hafi mér vel unnað með að fara.

Var við þetta tal Kolbeins Brandur prestur Jónsson er síðan var biskup að Hólum. Hann kom sunnan með Gissuri og var systrungur Brands Kolbeinssonar. Staðar-Kolbeinn var þar við og eggjuðu þeir báðir Brand viðtöku sveitanna. Fylgdarmanna-sveit Kolbeins unga báðu hann allir til að hann skyldi fyrir bin-

Chapter Thirty-Seven

When spring arrived, Kolbeinn's injury had worsened to the extent that he was bedridden, and it was apparent that he would not be fit to travel abroad.

Gissur was sent for and he came north. Kolbeinn's strength now diminished. He wanted to hand over everything to Gissur and Brandur Kolbeinsson. Gissur, however, was not prepared to accept this, but promised to help his kinsman Brandur, if he became leader of the districts, with all the assistance he could provide and perform. It was then decided that they should send a message west to Þórður, stating that all the districts north of Öxnadalsheiði would be returned to him as well as his patrimony. In return, he was to declare an armistice and agree to a settlement. All the districts between Öxnadalsheiði and Hrútafjarðará were given to Brandur Kolbeinsson. He and Gissur were to support each other whenever one of them needed it. The Skagfirðingar wanted Brandur to be their leader after Kolbeinn, for he was incredibly popular among the commons. Kolbeinn also wanted Brandur to be his successor. Kolbeinn told all the men who visited him during his illness that most of the chieftaincies in Skagafjörður and west of the heath were in Brandur's possession, 'though,' he added, 'he has allowed me to manage them.'

dast málum þeirra. Var Brandur þá á Flugumýri en Gissur reið suður.

Kolbeinn ungi andaðist það sumar Maríumessu Magðalenu. Þá var hann hálfertugur að aldri sem Arnór faðir hans og Kolbeinn Tumason föðurbróðir hans er hann var heitinn eftir. Kolbeinn var mjög harmdauði sínum mönnum og kunningjum og svo allri alþýðu í Skagafirði. Hann var færður til Hóla út og grafinn fyrir kirkjudyrum hjá Kolbeini Tumasyni.

The priest Brandur Jónsson — who later became Bishop of Hólar — witnessed this statement by Kolbeinn. He came from the south with Gissur and was Brandur Kolbeinn's cousin on his mother's side. Staðar-Kolbeinn was there also and both he and the priest urged Brandur Kolbeinnsson to take over the districts. Kolbeinn ungi's whole retinue asked Brandur to bind their fates to his. Brandur now remained at Flugumýri and Gissur rode south.

Kolbeinn ungi died that summer on the mass day of Mary Magdalene. He was then thirty-five years old: the same age as his father Arnór and father's brother Kolbeinn Tumason — for whom he was named — had been when they died. Kolbeinn was greatly mourned by his men, those who knew him, and all the Skagfirðingar. His body was taken to Hólar and buried in front of the church door beside Kolbeinn Tumason.

Þrítugasti og áttundi kafli

Eftir það var fundur áttur að Hestaþingshamri. Kom þar fjölmennt um héraðið og svo vestan um heiði. Var þá Brandur þar kosinn yfir allar sveitir þær er áður voru til nefndar. Hafði hann þá tekjur allar af sveitunum þær er Kolbeinn hafði áður haft og sauðatoll. Hafði hann þá bú mikið að Stað og fjölmennt.

Um haustið komu þeir menn til Brands er verið höfðu fylgdarmenn Kolbeins unga, Gegnir Illugason, Hámundur Þórðarson, Gísli Barkarson, Halldór nef, Óttar snoppulangur, Ögmundur vandræðamágur, Ásgrímur Ormsson, Ölviður Einarsson. Ásbjörn Illugason var þar löngum um veturinn og svo Broddi Þorleifsson. Arnór Eiríksson, systurson Brands, var þar um veturinn.

Chapter Thirty-Eight

At that time a meeting was held at Hestaþingshamar and many gathered there from all around the region of Skagafjörður (including the districts west of Vatnsskarð). Brandur was then elected leader of all the districts which were mentioned earlier. He was to receive all the income from the districts which Kolbeinn had previously had, as well as the sheep tax. At that time he retained a grand and populous establishment at Staður.

In the autumn, those who had been Kolbeinn ungi's retainers came to Brandur: Gagnir Illugason, Hámundur Þórðarson, Gísli Barkarson, Halldór nef, Óttar snoppulangur, Ögmundur vandræðamágur, Ásgrímur Ormsson, and Ölviður Einarsson. Ásbjörn Illugason and Broddi Þorleifsson were there for a long time during the winter, along with the son of Brandur's sister, Arnór Eiríksson.

Þrítugasti og níundi kafli

Það er að segja frá þeim vestur í sveitunum að í þenna tíma bað Hrafn Oddsson Þuríðar Sturludóttur. Flutti Þórður það mjög og var brúðlaup þeirra að Sauðafelli um sumarið.

Þetta sumar fór Svarthöfði utan í Hvítá með vöru þeirri er Kolbeinn ungi hafði fengið Þórði.

Þórður fór norður eftir brúllaup Hrafn. Var svo mælt að Eyfirðingar skyldu koma norðan í mót honum til Miðfjarðar. Þórður reið norður með heimamenn sína. Var það á þriðja tigi manna. Sturla hafði og nær tuttugu menn. Þorleifur úr Görðum fór enn með tuttugu menn. Þar var og Ketill Þorláksson og Guðmundur undan Felli og margir bændur að boði Þórðar. Þeir voru alls meir en átta tigur manna. En er þeir komu til Miðfjarðar voru Eyfirðingar þar fyrir með átta tigu manna. Riðu þeir þá norður allir saman. Þórður kom í Eyjafjörð Lafransmessudag.

Þann sama dag sigldi þar skip af hafi. Þar var á Gunnar brattur. Þá var sagt lát Órækju Snorrasonar. Hafði hann andast Jónsmessu baptista um sumarið.

Fór Þórður þá til skips og keypti hann þar bjór mikinn og lét flytja inn til Grundar. Var þar búið til veislu á Maríumessudag en sunnudaginn fyrir hafði hann fund í Kristnesi við alla héraðsmenn. Þeir unnu honum eiða og gáfu upp allt það er þeir höfðu að varðveita og Sighvatur hafði átt. Hann hafði veislu fagra á Maríumessu og gaf stórgjafir þeim er honum höfðu norður

Chapter Thirty-Nine

Concerning those living in the western districts, it is to be reported that at this time Hrafn Oddsson wooed Þuríður Sturludóttir. Þórður strongly supported this, and their wedding was held during the summer at Sauðafell.

That summer, Svarthöfði travelled abroad from Hvítá with the goods that Kolbeinn ungi had left Þórður.

After Hrafn's wedding, Þórður travelled to the north, and it was arranged that the Eyfirðingar would meet him at Miðfjörður. Þórður rode north with his retainers—around thirty men. Sturla was accompanied by twenty men, as was Þorleifur from Garðar. Ketill Þorláksson and Guðmundur from Fell were also present at Þórður's meeting, along with many householders. Together they were more than eighty men in total. When they came to Miðfjörður, the Eyfirðingar were there with eighty men, and after meeting they rode north all together. Þórður came to Eyjafjörður on the mass day of Saint Laurence.

That same day, a seafaring ship landed: Gunnar was aboard. Órækja Snorrason's death was then reported, he had died on the mass day of John the Baptist during the summer.

Þórður went to the ship and bought a lot of ale, which he brought to Grund. A great feast was prepared for the mass day of Mary. On the Sunday before, he held a meeting at Kristnes with all the region's inhabitants. They swore oaths of allegiance

fylgt. En Þórður var eftir með sveit sína er þeir riðu vestur og voru þeir margir tillagaillir.

Fylgdarmenn Kolbeins voru flestir með Helgu á Flugumýri. Þeir voru gemsmiklir, Einar langur og Gegnir Illugason og enn fleiri aðrir.

to him and returned everything of Sighvatur's that they owned to him. He held a splendid feast on the mass of Saint Mary and gave expensive gifts to those who had accompanied him north. Þórður remained with his company but the others went west and spoke many evil words about the Skagfirðingar.

Most of Kolbeinn's retainers were with Helga at Flugumýri. They — Einar langur, Gegnir Illugason, and many others — were full of gibes.

Fertugasti kafli

Brandur hafði bú á Stað í Skagafirði sem fyrr var ritað. Hann var vinsæll maður. Hafði hann mannmargt með sér og hélt sér vel upp og hafði risnu mikla í búí. Hann var manna örvastur af fé. Hafði hann því orðstír góðan. Svo segir Ingjaldur Geirmundarson í flokki þeim er hann orti um Brand Kolbeinsson:

Mætr fékk orðstír ýta
álmrjóðandi góðan.
Ítr kunni blik brjóta
Brandr glymfjöturs landa.
Lítt unni sá sleitum
seim hyrbroti geima.
Oft gefna lét jafnan
oddrjóðr vinum hodda.

Vell gaf varga fyllir
vingóðr kyni þjóðar.
Veitti auð, sá er átti,
oddrógs boði, gnógan.
Blíðr var ör af auði
oddstiklandi miklum.
Þær lifa víst, er voru,
vinsæls skörungs minjar.

Chapter Forty

Brandur lived at Staður in Skagafjörður, as was written before. He was a popular man. Brandur had many men with him and lived in high style and had received many guests in his household. He was a generous man with wealth and had from that a good reputation. So says Ingjaldur Geirmundarson in *Brandsflokkur*, which he composed about Brandur Kolbeinsson:

Among men the glorious Brandur
won a fine reputation, for
this excellent warrior made
a habit of sharing his wealth.
The generous man had little love
for holding back capital:
the champion regularly and often
dispensed treasure to his friends.

The friend-blessed warrior
gave gold to the common people,
distributing riches as much
as he overflowed with them.
This man was most generous
with his great fortune:

Fylgdarmenn þeir er verið höfðu með Kolbeini unga en þá voru með Brandi voru eigi trúir að því að þeir færu með dansagerðir þær er Þórði gast eigi að. Kom það til eyrna Þórði.

Og þá er Brandur varð var við flimtan þeirra bað hann þá skjótt niður leggja og fara eigi með slík illindi, sagði að þar mætti mikið illt af standa en ekki gott. Gerðist þá orðasveimur mikill í milli héraðanna. Þórður var fáorður en þó líkaði honum þungt allt saman, gems þeirra og þung málaefni er honum þótti þeir hafa við sig.

Mart var þá í Skagafirði röskra manna en þessir voru mest til ráðastoðar með Brandi: Broddi Þorleifsson mágur Kolbeins, Ásbjörn Illugason, Einar langur, Ólafur chaim, hann bjó þá á Miklabæ í Blönduhlíð, og fleiri aðrir er verið höfðu vinir Kolbeins.

Þórður hafði margt fylgdarmanna með sér og gerðist raunmikill orðasveimur er á leið veturinn. Var þá ber fjandskapur milli héraðanna er á leið veturinn en við bærust öll vandræði framan til páska. En grið stóðu milli allra manna fram um alþingi. Og var sú sætt stofnuð að tólf manna dómur skyldi á öllum málum, þeirra manna er best þættu til fallnir á öllu Íslandi.

Oft sást stjarnan kómeta um veturinn.

Menn Þórðar fóru jafnan vestur í sveitir um veturinn að erindum sínum og hann sendi orð vinum sínum þeim er hann vildi að norður kæmu. Teitur Styrmisson fór norður milli jóla og föstu. Hann átti bú í Flatey og hann hafði um haustið fengið Sigríðar Hálfðanardóttur. Hrafn Oddsson og Eyjólfur frændi hans komu vestan á föstunni. Þeir Þórarinn Tómasson og Hákon galinn komu þá og vestan frá Sturlu og var Þórarinn þá heimamaður Þórðar. Björn drumbur fór og þá norður og Páll kappgnógur.

Um vorið á páskum sendi Þórður Nikulás Oddsson og Almar Þorkelsson norður til Öxarfjarðar í liðsafnað og stefndi liðinu norðan í páskavíkunni.

the memory of such a popular
and prestigious person shall endure.

Kolbeinn ungi's former retainers, who now served Brandur, did not act in good faith because they produced parodies which displeased Þórður. They reached Þórður's ears.

When Brandur became aware of their lampoons he ordered them to stop behaving with such malice, saying that only great evil would come of it and not good. It now happened that there were a great number of rumours circulating throughout the regions. Þórður had little to say on the matter, however, he found their lampoons and all the offences they had perpetrated against him burdensome, all the same.

There were many bold men in Skagafjörður at this time and these were the closest advisors of Brandur: Broddi Þorleifsson (Kolbeinn's brother-in-law), Ásbjörn Illugason, Einar langr, Óláfr chaim (he lived then at Miklabær on Blönduhlíð), and many others who had been friends of Kolbeinn.

Þórður had many retainers with him and there were a lot of rumours flying around during the winter. As winter drew on, enmity emerged between the regions, but all troubles were prevented until Easter. A truce continued to stand between all the men until the general assembly. There it was agreed that twelve men should pass judgment on all their cases, those men who were thought to be the worthiest in all Iceland.

Often a comet was seen amongst the stars during the winter.

Þórður's men went often in the western districts during the winter on errands and he sent word to his friends as to when he wanted them to come north. Teitur Styrmisson went north between Christmas and the fast. He had a farm on Flatey and he had married Sigríður Hálfðanardóttir during the autumn. Hrafn Oddsson and his kinsman Eyjólfur came went during the fast. Then Þórarinn Tómasson and Hákon galinn also came from Sturla in the west. At this time, Þórarinn was one of Þórður's attendants. Björn drumbur and Páll kappgnógur then went north as well.



Fig. 10. Kakalaskáli, set up to commemorate the Battle of Haugsnes.
Photo by the author.

In the spring, around Easter, Þórður sent Nikulás Oddsson and Almar Þorkelsson north to Öxafjörður to gather troops and bring them south during Easter week.

Fertugasti og fyrsti kafli

Snemma í föstunni sendi Brandur menn sína suður til Gissurar, Gegni Illugason og Hámund Þórðarson, með bréfi. Það sagði svo:

Gissuri Þorvaldssyni sendir Brandur af Stað kveðju guðs og sína fullkomna vináttu. Slíkt hið sama er mitt skaplyndi um samband við þig frændi sem í fyrra sumar ræddum við og fyrir því að ekki minnkar nauðsyn hvortratveggju að vér höldumst saman sem best.

Kyrirt má kalla um hagi Þórðar allt til föstuígangs. Þá gerðist marga vega umleitan bæði um handsöl á löndum í Skagafirði í héraði voru, og heitast til og kallað sættarof ef eigi er uppi látið. Mjög leita og Þórðar menn sína vini undan oss að heimta með þvílíku sem þá verður helst við komist. Leitað hefir og verið að semja aðra sætt en áður var ger við oss. Það er orðtak Þórðar að engar megi heilar sættir verða nema hann hafi allan Norðlendingafjórðung undir sér að forráði. Hann þykist nú og allan Borgarfjörð eiga og kallar Þorleif úr Görðum öruggan vin sinn.

Nú ger svo vel frændi, reyn slíka menn sannri raun. Það vildum vér og að þú tækir alla kosti af Borgarfirði eftir boði konungs því að oss þykir þar allgott að að veita. Sannspurt höfum vér að Þórður sendi bréf Sigvarði biskupi að leyfa sér kirkjugöngu og sex mönnum með honum og þar með að hann skyldi halda yður frá málum við oss Skagfirðinga og hann hafi

Chapter Forty-One

Early in the fast, Brandur sent his men Gegnir Illugason and Hámundur Þórðarson south to Gissur with a letter. Its contents were as follows:

“Brandur from Staður sends Gissur Þorvaldsson his greetings and everlasting friendship. My views on an alliance with you, kinsman, are much the same as they were when we discussed the matter last summer, especially given that the need for us to remain united has at best remained the same. It must be admitted that Þórður kept himself quiet until the beginning of the fast. Then, we had many attempts launched from both sides to negotiate over ownership of land sold through handshake agreements in our region of Skagafjörður, along with threats and promises to break the truce if these are not given up. Þórður’s men are seeking to turn their friends against us with such means as they are able to. We have also tried to broker additional settlements beyond those which before have already been agreed to. Þórður has proclaimed that there will be no secure settlement reached until he has the entire Northern Quarter under his authority. He thinks now that he owns all Borgarfjörður and calls Þorleifur of Garðar his trusted friend. Now kinsman, please endeavour to ascertain the sincerity of these men. It is also our wish that

því heitið. En það vitum vér að biskup sendi bréf Steinmóði presti að leiða hann í kirkju og svo gerði hann.

Vel treystum vér héraðsmönnum velflestum víst ef þú sýnir þig þar hjá oss. Tregt veitir oss heldur að fá gerðarmenn. Þykir vant og mikið í að ganga. Nú að svo komnu öllu þá viljum vér að þér sækið norður hingað á vörn fund sem þú mátt verða fyrst við látinn ráð fyrir að gera og ekki treystast menn sambandi nema þú komir bráðla til því að vér megum fyrir öngan mun fyrir sakir háska héraðsbyggðarinnar yðvarn fund sækja.

Þeir Gegnir komu sunnan frá Gissuri og til Brands í páska-
vikunni og sögðu að Gissur mundi svo sem ókominn aðeins.

you retake control of all Borgarfjörður in line with the king's request because we think that this will prove of excellent assistance to us. We have received a reliable report that Þórður sent a letter to Bishop Sigvard to receive leave for himself and six men to go to church and with this to prevent you from involving yourself in his dealings with we Skagfirðingar. He was promised that and we know that the bishop sent a letter to the priest Steinmóður instructing him to lead Þórður to the church and so he did. We are certain that we shall be able to trust most of the people in the region well if you show yourself to be with us. It has proved most difficult for us to find mediators though no less problematic to attack either. Now that all of this has come to pass, we want you to come here to the north to meet with us as soon as you can, firstly to make plans, and secondly because people shall not trust in the alliance unless you come here posthaste. This is because we are not able to visit you due to the threat to the settlements of the region."

Gegnir and Hámundr came north from Gissur to Brandur in Easter week and said that Gissur would soon come.

Fertugasti og annar kafli

Það er sagt að hinn fjórða dag páska átti Þórður fund á Grund við alla bændur þar í héraði nema Hall á Möðruvöllum því að hann var þá heimamaður í Bæ suður. Þórður gerði þá bert að hann ætlaði vestur til Skagafjarðar með flokk þann er hann fengi og reka harma sinna, að því er hann kallaði, við Skagfirðinga.

Klyppur Ketilsson svaraði fyrstur ræðu Þórðar: Vel er nú, sagði hann, þó að vér förum til Skagafjarðar. Eigi munum vér nú skjótlegar á braut reknir en næstum er vér förum þar með flokkana.

Engi maður mælti þar í móti Þórði en fylgdarmenn fýstu mjög og lögðu margir harðlega til. Sunnudaginn eftir páskaviku fór Þórður heiman og út í Hörgárdal en þriðja daginn vestur yfir heiði. Riðu fylgdarmenn Þórðar fyrir. Eyjólfur Þorsteinsson var fyrir þeim.

Þá kvað Ingjaldur vísu þessa:

Hvatr fer heldr að vitja
hlýrgarðs, Skagafjarðar,
von er hreggs, ef heima,
hjarlstríðandar bíða.
Nú gerist norðr á heiði,
níðs mun herr reka errinn,
þjóð dregst á veg víða,

Chapter Forty-Two

It is said that on the fourth day of Easter, Þórður held a meeting at Grund which was attended by all the householders in the region of Eyjafjörður except for Hallur of Möðruvellir who was staying at that time in the south at Bær. Þórður then told them that he was planning to go to Skagafjörður with as large an army as he could gather to avenge the insults perpetrated by the Skagfirðingar on them.

Klyppur Ketilsson responded first to Þórður's plan. He said: 'it is well now that we go to Skagafjörður. We will not be chased away any faster than the last time we went there with an army.'

No-one there spoke against Þórður and his retainers were totally in favour of the plan and most spoke hostile words against the Skagfirðingar.

The Sunday after Easter week Þórður left home and went out to Hörgárdalur and then on Tuesday west over the heath. Þórður's retainers rode at the front, though Eyjólfur Þorsteinson was beyond them. Then Ingjaldur spoke this verse:

The bold man shall visit Skagafjörður —
one should expect battle
when warriors are invited —
the winds of war are in the air.
The valiant army will

vindlegt, glerils strindar.

Allur flokkurinn fór á Silfrastaði um kveldið. Þórður hafði norðan nær fimm hundrað manna.

Brandur spurði liðsafnað Þórðar í páskavikunni. Dró hann þá lið saman um allt hérað og svo vestan um heiði og úr Fljótum.

Svo segir Skáld-Hallur í drápu þeirri er hann orti um Brand Kolbeinsson:

Brandr dróst ýta undir,
atreið varð þá skatna.
Brátt of breiðar sveitir
búendr saman strendu.
Þustu Vatnsskarð vestan
vinir Brands og svo handan.
Skjótt, frá eg, heldr að hittust
héraðs drótt og lið Fljóta.

Það er að segja frá þeim Þórði að þeir lágu úti um nóttina, er þeir voru á Silfrastöðum, niðri á vellinum. Vindur kom á þá er fólkíð flest hafði sofíð um hríð og þaut mjög í spjótunum. Og vakna sumir menn við þytinn og hugðu að ófriður væri að kominn, hljópu upp og brugðu vopnum. Börðust þeir þá sjálfir og hljópu sumir á hús upp og vörðust þaðan en sumir sóttu að í ákafa og var löng hríð og snörp áður þeir kenndust. Miðvikudaginn reið Þórður ofan í Vallaholt. Einn maður hafði fallið er Eiríkur hét en sárir höfðu orðið margir.

Brandur með sína sveit var þá á Víðimýri og hafði sex hundrað manna.

Fóru þá menn í milli þeirra, Ísar prestur Pálsson og Vermundur Halldórsson, er síðan var ábóti að Þingeyrum, og aðrir kennimenn.

Voru þá grið sett til meðalferða. Buðu Skagfirðingar dóm Gissurar, hvern sem Þórður tæki til. En Þórður vildi ekki nema sjálfðæmi. En þeir æptu í móti því og varð ekki af sættunum.

Þjörn hét prestur og var Starrason. Hann fór í liðsafnað um Laxárdal og Reykjaströnd. Hann var að Sauða miðvikunóttina

avenge the slander:
 people are carrying
 the rumour up to the northern heath.

The whole company went to Silfrastaður in the evening. Þórður had brought around six hundred men northward.

Brandur learned in Easter week of Þórður's armament, he then drew troops together from all over the region of Skaga-fjörður and the districts between the heath and Hrutafjarðará. Then Skáldhallur says in *Brandsdrápa*:

Brandur soon gathered people
 from the broad districts.
 The men rode to him:
 the householders flocked.
 Brandur's friends came
 from west and east of Vatnsskarð.
 I have heard that the Fljótamenn and Skagfirðingar
 rushed to the leader of the region.

Concerning Þórður and his men it must be reported that they slept under the stars the night that they were at Silfrastaðir, down on the plain. A gust of wind began to buffet them when most of the people had slept for a while and rattled the spears a lot. Some men woke at the sound and thought that enemies had come. They leapt up and brandished their weapons. They then struck out at their comrades and some ran up into houses and defended themselves from there. Some fought violently, fervently, and for a long while before they recognised each other. On Wednesday, Þórður rode down to Vallaholt. One man had fallen who was named Eiríkr and he had received many wounds.

Brandur was at that time with his army at Viðimýri and he had 720 men.

Now men went between them, including the priest Ísar Pálsson, Vermundur Halldórsson (who later was the Abbot of Þingeyrar), and other learned men.

Þá er þeir börðust fimmtadaginn eftir. Hann dreymdi þegar hann sofnaði um kveldið að maður kom að honum og laut upp yfir hvíluna og mælti þessi orð: *Domine Jesu Christe accipe spiritum meum*. Hann vaknaði prestur og gekk út og síðan inn aftur til hvílunnar og sofnaði og bar hið sama fyrir hann í annað sinn og hið þriðja. Þenna mann þóttist hann skýrt kenna bæði að hárfærð og yfirlitum, að Brandur var Kolbeinsson.

En þá er Skagfirðingar voru á Víðimýri kom sótt í lið þeirra með því móti að þar féllu í óvit nær þrír tígir manna og voru ófærir. Þar var Páll bróðir Brands í því flóði.

There was a truce agreed while mediation went on. The Skagfirðingar offered to submit the matter to the judgment of Gissur and whoever Þórður wanted to choose. But Þórður would have nothing but self-judgment. And they shouted that down and so no settlement was reached.

There was a priest named Björn Starrason. He went to raise troops in Laxárdalur and on Reykjaströnd. He was at Sauðá on Wednesday night right before the battle took place on the Thursday. He dreamed immediately after falling asleep in the evening that a man came to him and bent over the bed and spoke these words: 'Domine Jesu Christe accipe spiritum meum' [Lord Jesus Christ accept my spirit]. The priest woke up and went out and when he came inside to go back to bed and sleep the same happened again and then a third time. On the basis of both the hairstyle and outline of the body, which the man recognised, he believed the figure had been that of Brandur Kolbeinsson.

While the Skagfirðingar were at Víðimýri, a cloud of soot engulfed their army and with that nearly thirty men fell witless and so were unfit to travel. Brandur's brother Páll was caught in this flow of ash.

Fertugasti og þriðji kafli

Miðvikudaginn um kveldið reið Þórður á Úlfsstaði með allan flokk sinn. En Skagfirðingar voru á Víðimýri um nóttina en fóru þaðan snemma fimmtadaginn norður yfir Jökulsá og námu stað fyrir sunnan Djúpadal á skriðunni og fylktu þar sínu liði og höfðu framarlega á setta hundraði manna. Eysteinn hvítur austmaður fylkti liði Brands. Þar biðu þeir Þórðar og hans manna.

Hafði Þórður nær fimm hundrað manna og var það lið allvel búíð.

Fylking Skagfirðinga horfði við í móti vestri og ætluðu þeir að Þórður skyldi þaðan að ganga en þeir Þórður riðu ofan með brekkunum. Og er þeir stigu af hestum sínum og hljópu saman þá horfðu þeir á jaðarinn Skagfirðinga fylkingu. Þeir Brandur snerust við þeim og brást þá fylking þeirra og voru torfgrafir fornar milli þeirra og gengu þeir Þórður þar yfir. Þórður var í miðri sinni fylkingu og þó fremstur en í hinn nyrðra arminn voru Svarfdælir og norðanmenn en Eyfirðingar voru í hinn syðra arminn og fórst þeim hvorumtveggjum heldur seinna um grafirnar. Þar voru þeir Brandur fyrir og fylgdarmenn hans. Þórður réð þegar á er þeir mættust. Var fyrst grjóthrið en þá gengu spjótalög og tók þá skjótt að losna fylking Skagfirðinga sem klambrarveggur væri í rekinn. Þar heitir Haugsnes upp frá sem bardaginn var frá ofan á grundinni. Svo segir Skáld-Hallur:

Chapter Forty-Three

On Wednesday evening, Þórður rode to Úlfsstaðir with his whole army. The Skagfirðingar were at Viðimýri overnight, but Brandur left early on Thursday and went north over Jökulsá and encamped south of Djúpadalur on the hillside and gathered more to their army from there so that he had nearly 720 men.

Eystein hvit, a Norwegian, joined Brandur's army. There they awaited the arrival of Þórður and his men.

Þórður had around six hundred men, and his army was all well prepared.

The army of the Skagfirðingar were facing east as they assumed that Þórður would attack from that direction. However, Þórður and his army rode down the slopes and when they dismounted their horses and ran together they faced the flanks of the army of the Skagfirðingar. Brandur and his forces turned towards them and there were ancient turf trenches between them which Þórður and his men crossed over. Þórður was in the middle of his army, though among the front ranks and on the northern arm were the Svarfdælir and those from north of Öxnadalsheiði, and the Eyfirðingar were on the southern arm and both were going at a slow pace due to the trenches. Before them were Brandur and his retainers. Þórður attacked as soon as they met. First came a hail of rocks, which was followed by thrusts of spears. The lines of the army of the Skagfirðingar now

Brátt varð ferð að fréttum
fundr, á Hauganess grundu,
hættir, sá er höldar áttu,
hlíf rauðst, fira lífi.
Lagði lýðr þar er dugði
landfólk saman randir,
og fullharðra fyrða
fylkingar á gengust.

Ruddist brýndum broddi,
Brandr neytti vel handa,
af þar er eggjar skífdú,
auð-Baldr, hluti skjaldar.
Geystust geirar traustir,
gekk hrafn af því drekka,
fast að fyrða brjóstum,
fen dreyrugra benja.

Þess getur Hallur og að Brandur var framarlega í fylkingu
öndurðan bardagann og gekk þá fram fyrir hann Jón Skíðason
er kallaður var kórkjappi, mikill maður og sterkur.

Svo segir Hallur:

Gekk, þar er geirar stukku,
goði vor með hjör roðnum
fyrstr í fylking trausta
fram og Þórðr hinn rammi.
Fast hygg frændr að lystu,
ferð ofraði sverðum,
él varð Yggjar bála,
öndurt saman röndum.

Jón Skíðason, er hann hljóp fram fyrir Brand, lagði tveim
höndum spjóti til Þórðar svo að hann féll við en Skagfirðingar
æptu að. Þorsteinn Gunnarsson hljóp fram yfir hann. Þá urðu
margir atburðir senn í höggum og spjótalögum. Var þetta hin
snarpasta orusta svo að engi hefir slík orðið á Íslandi bæði að

began to bend and break as if a wedge had been hammered into it. Haugsnes is the name of the place up from the battlefield, though it was fought down in the field. So says Skáldhallur:

Soon there was much talk
 about the Battle of Haugsnes,
 where blood spilled
 and many were slain.
 All the people boldly besieged
 the shield fortress
 and the chieftains' armies
 pressed on each other.

Brandur fought with skill
 pressing forward with sharp spear
 to the place where shields
 were cut to pieces.
 His spear was sharp
 and stung the torsos of many men.
 The gushing, bloody wounds
 served to slake the raven's thirst.

Hallur also mentions that Brandur led from the front at the beginning of the battle. In front of him was Jón kórkjappi Skíðason, who was a big, strong man. So Hallur says:

The good one fought with a bloody sword
 in front of the swell of troops,
 where the spears flew,
 as did Þórður, the strong one.
 The kinsmen fought vigorously.
 Men swung swords,
 and each smash of shield
 was answered by the crash of a blade.

Jón Skíðason, when he leapt in front of Brandur, thrust a two-handed spear at Þórður so that he fell down. At this, the Skag-

fjölmenni og mannfalli. Þórður stóð skjótt upp er hann hafði fallið og kvað sig ekki saka. Gegnir Illugason gekk vel fram. Hann lagði til Hákonar galins. Kom lagið í augað og bryddi út um hnakkann. Varð það hans bani. Varð þá mikið mannfall af hvorumtveggjum.

Einar auðmaður hét maður. Hann bjó í Vík út frá Stað. Hann átti Ingibjörgu Bergþórsdóttur, frændkonu Þórðar. Hann var til þess settur sem hann gerði að hann flýði fyrstur allra manna og Brandur son hans og þar margir eftir.

Þeir Þórður gengu þá að fast er þeir sáu að flóttinn brast og varð þá mannfall enn af hvorumtveggjum. Hafur Bjarnarson, Brandur Atlason og margir aðrir og Fljótamenn með þeim og Slétthlíðingar komust á fylkingararm Þórðar hinn nyrðra og gengu að drengilega og drápu þar nær tuttugu menn af norðanmönnum svo að hver lá hjá öðrum. En héraðsmenn og vestanmenn um heiði, á þeim brast flótti og var það fjöldi manns. En ef þeir hefðu staðið kyrrir þó að þeir hefðu ekki annað gert þá hefðu Skagfirðingar kosið á við norðanmenn. En nú bar eigi svo til handa. Þórarinn Tómasson, hann komst á hest og rak á flóttann. En Þorbjörn Sælendingur reið undan með öðrum flóttamönnum. Þá heyrði hann kall á bak sér aftur að hann skyldi drýgja dáð og duga honum. Þorbjörn sneri skjótt aftur og sér að tveir menn sóttu að Sveini eldboðungi og var annar á hesti. Þorbjörn lagði þegar til þess er á hestinum var og rekur í gegnum hann spjótið. Var það banasár. Var það Þórarinn Tómasson. Drepinn var sá og er að Sveini sótti annar. Ari Finnsson er bjó í Bjarnarstaðahlíð, hann vildi eigi flýja og studdist á öxi sína og söng Maríuvers er menn heyrðu síðast. Almar Þorkelsson hjó hann banahögg. Broddi Þorleifsson, Ásbjörn Illugason, Einar langur, Gegnir Illugason, Jón kjappi, Karp-Helgasytir þrír, Koll-Sveinn, Þorvaldur, Bergþór gengu allir fram rösklega og mikil sveit með þeim. Gengu þeir svo fram fyrir Brand að honum var við öngu hætt meðan þeir voru allir heilir og eigi sundurskila. Á mót þeim kom Þórður og fylgdarmannasveit hans og mikil sveit önnur. Varð þá af nýju hið harðasta él. Þá varð Gegnir fráskila sínum félögum. Sóttu hann þá þrír eða fjórir en hann varðist vel og drengilega. Varð hann móður mjög

firðingar cried out. Þorsteinn Gunnarsson leapt over him. Then many things happened at once in terms of strikes and spear thrusts. This was the largest battle that has ever been fought here in Iceland, both in respect of the number of combatants and the multitude of them that fell. Þórður stood up shortly after falling and said he was unhurt. Gegnir Illugason attacked courageously. He struck at Hákon galinn. The strike came into his eye and went through his head, coming out at the neck. That became his death. Then great numbers of men began to fall from both sides.

There was a man named Einar auðmaður. He lived at Vík out from Staður. He was married to Ingibjörg Bergþórsdóttir, a kinswoman of Þórður's. He did as he was ordered by Þórður and fled first of all, then his son Brandur, and they were followed by many others.

Þórður and his men continued steadfastly when they saw the retreat and people continued to fall on both sides. Hafur Bjarnarson, Brandur Atlason, and many others, such as the Fljótamenn and Slétthlíðingar, courageously attacked the northern arm of Þórður's army and there they killed nearly twenty men from north of Öxnadalshéiði so that the bodies piled up. But now those from both the region of Skagafjörður (including the districts west of Vatnsskarð) began to flee in great numbers. If the Skagfirðingar had stood firm without wavering, they would have overcome the men from north of Öxnadalshéiði. But this did not take place. Þórarinn Tómasson mounted a horse and chased after those fleeing. Þorbjörn Sælendingur rode away with the other fugitives. Then he heard a call from behind him that he should have courage and render some aid. Þorbjörn immediately turned back and saw that two men were attacking Sveinn eldboðungur, one of whom was on horseback. Þorbjörn thrust immediately at the one on the horse and impaled him on his spear. That was a mortal wound: the man slain was Þórarinn Tómasson. The other man who had attacked Sveinn was also killed. Ari Finnsson who lived at Bjarnarstaðahlíð did not want to flee and leaned on his axe to sing the Ave Maria: this was the last thing men heard him utter. Almar Þorkelsson delivered his death wound. Broddi Þorleifsson, Ásbjörn Illugason, Einar

er hann hafði brynju þunga og féll hann fyrir þeim en þeir flettu upp um hann brynjunni og drápu hann svo. Hjalti hét maður og var kallaður járnauga. Hann var vasklegur maður og féll hár bleikt á herðarnar undan stálhúfunni. Það ætluðu norðanmenn Pál Kolbeinsson og sóttu að honum þrír menn en hann sagði að engi einhleypingurinn eða leysinginn skyldi þeim síður hlífa en hann. Þeir sóttu hann lengi áður hann féll. Hann hafði á þriðja tigi sára og lét hann með miklum drengskap líf sitt. Jón Skíðason lét sem hann sæi öngan mann annan en Þórð og sótti hann í ákafa. Svo sagði Þórður síðan, er um var talað, ef slíkir hefði þrír verið kjapparnir að hann hefði aldrei sól séð. Sóttust þá allir í ákafa, þeir sem við héldust með Brandi. Svo segir Hallur í Brandsdrápu:

Harðr frá eg heldr að yrði
 Hildar leikr þar er gildir
 baugskerðandar börðust.
 Bitu sverð í hlym rítar.
 Yggs varð annar tveggja,
 að gengust skatnar,
 odda meiðr í óðu
 alls gnýhreggi falla.

Létu líf fyrir spjótum,
 lásk eigi þar háski,
 sungu vopn á vangi
 víghljóð, búendr góðir.
 Vítt lá valr á grýttu,
 varð tafn búið hrafni,
 gunnar már yfir gaurum
 gall, Haugsnesi fallinn.

Og er löng hríð hafði svo gengið þá riðlaðist sveitin Brands og urðu þá manndrápin. Hrani Koðránsson færði stein mikinn að Jóni Skíðasyni og kom á bringuna og gengu inn bringspelirnir og varð það hans bani. Jón varðist þó nokkura stund síðan

langr, Gegnir Illugason, Jón kjappi, and the three sons of Karp-Helgi (Koll-Sveinn, Þorvaldr, and Bergþór) all went forward bravely and a large company with them. They went thus in front of Brandur so that he was in no peril while they all remained uninjured and unseparated. Þórður and his followers came against them, along with a large company of other men. Now, hard battle resumed anew. Gegnir became separated from his fellows. He now fought three or four men and defended himself well and bravely. However, Gegnir became most fatigued as he had a heavy byrnie and he fell before his attackers. They took off his byrnie and thus slew him. There was a man named Hjalti járnauga. He was a manly man and his pale hair fell down from his helmet onto his shoulders. The Northerners thought this was Páll Kolbeinsson and three men attacked him but he said that no vagrant or freeman would show them less mercy than he. They fought for a long time before he fell. He had thirty wounds and left his life showing great bravery. Jón Skíðason focused blinkeredly on Þórður and attacked him zealously. Þórður said of this afterwards, when he spoke about it, that if there had been three such he-goats he would never have seen the Sun again. Then all those who stood with Brandur attacked fervently. So says Hallur in *Brandsdrápa*:

The battle intensified
 the longer it went on.
 They fought hard:
 sword bit shield.
 One of the two warriors
 had to perish in the mêlée.
 Eagerly, the men thrust
 at one another.

Good householders expired,
 impaled by long-shafted spears.
 The loss of life was great:
 swords sang on the battlefield,
 and the entire area

en hann hafði nær engi önnur sár og lét hann þar líf sitt með miklum drengskap og hreysti ágætrar karlmennsku.

Brandur komst á hest og var tekinn í milli Grunda í flóttanum. Kolbeinn grön tók hann og færði hann upp á grundina þar sem nú stendur krossinn.

Kolbeinn fann Þórð og sagði að Brandur var handtekinn.

Þórður mælti: Hví drepið þér hann eigi?

Þórður sat þá uppi á grundinni. Var þá lokið mjög bardaganum.

Kolbeinn mælti: Eg vissi eigi nema þú vildir til ganga.

Þá stóð Þórður upp.

Þá mælti Hrafn Oddsson: Gangið eigi til Þórður ef Brandur skal eigi grið hafa.

Þá fékk Þórður til Sigurð Glúmsson að veða að honum.

Gekk Kolbeinn grön þar til sem Brandur var handtekinn og margir menn með honum. Sigurður hjó til Brands með öxi en Brandur skaut yfir sig buklara. Kolbeinn snaraði af honum buklarann. Þá hjó Sigurður um þvert höfuðið Brandi og klauf höfuðið ofan að eyrum. Lét Brandur þar líf sitt. Við líflát Brands var á þriðja tigi manna. Þar var sett upp róða sem Brandur féll og heitir þar Róðugrund síðan.

Eyjólfur Þorsteinsson fékk tekið Einar lang frænda sinn og gaf honum grið og hafði hann drengilega barist.

Fleiri menn voru þar teknir, þeir er grið voru gefin af ýmsum frændum sínum eða vinum. En þeir flýðu allir er því komu við.

Þar féll fjöldi manna af hvorumtveggjum og fjöldi varð sár. Og hinir bestu bændur féllu úr Eyjafirði: Klyppur Ketilsson, Þorgils Hólasveinn, Guðmundur Gilsson, Magnús Narfason, Vigfús Þorgilsson. Nær fjórum tígum féll af Þórði. Af Skagfirðingum féll Brandur Kolbeinsson, Jón Hafliðason, Kleppjárn Hallsson, Ólafur chaim, Illugi frá Svínavatni. Af Brandi féll á sjöunda tigi.

Svo segir Ingjaldur í flokki þeim er hann orti um Brand og kvað á hversu mart látist hefir:

Hreggsulli tók halla,
hné ferð í dyn sverða,
sköglar fúrs á skýra

was strewn with corpses.
 The ravens smelled supper
 and started to shriek.

After a long while, Brandur's forces split and men began to fall. Hrani Koðráns­son threw a huge rock at Jón Skíðason and it hit his chest and breached his ribcage and that became his death. However, Jón continued to defend himself for a little while after but he had nearly no other wounds and left his life there with great courage, valour, and excellent manhood.

Brandur fled on horseback but was routed in between the two farms which are both called Grund. Kolbeinn grön seized him and led him up to the field where the cross now stands.

Kolbeinn found Þórður and told him that Brandur had been captured.

'Why have you not killed him?' Þórður retorted.

Þórður was at that time sat on the battlefield, the action almost over.

Kolbeinn said: 'I did not know if you wanted to be there.'

Then Þórður stood up.

Hrafn Oddsson interjected: 'Þórður, do not be there if Brandur is not to receive mercy.'

Þórður now ordered Sigurður Glúmsson to kill Brandur.

Kolbeinn grön went to where Brandur was being held and many men with him. Sigurður cut at Brandur with an axe but he shielded himself with a buckler. Kolbeinn tore the buckler from him. Then Sigurður hit Brandur across his head and cleaved it down to the ears. There Brandur left his life. At his death, thirty men were present. A rood cross was set up where Brandur fell and this place has since been known as Róðugrund.

Eyjólfur Þorsteinsson had Einar langur his kinsman seized and granted him mercy. He had fought courageously.

More men were seized there, those who were granted mercy by various of their kinsmen or friends. However, all fled who were able to.

On both sides many fell and were injured. The best householders from Eyjafjörður fell: Klyppur Ketilsson, Þorgils Hólasveinn,

Skagfirðinga stirðum.
Hvíts hefir hundrað látist
hjaldrlands í styr manna,
trautt má tal það er hittum,
tírætt, úr því fætta.

Skiptu sköp sem oftar,
skörungr féll í dyn hjörva
æðstr með orðstír bestan,
ósvífr fira lífi.
Fár má fleina skúrar
frægr aldragi bægja
seiðs né sínum dauða
svipskorðandi forða.

Élgrundar bjarg þú öndu
æðstr þjóðkonungr mæstri,
góðs samir buðlung beiða,
Brands, víðfjörnir landa.
Hvíld fái öðlingr, aldar,
allvís paradísar,
prútt sá er píslum léttir,
Páls bróður frið sálu.

Þórður reið á Flugumýri af fundinum. Gerði hann þá bert að allir menn skyldu í griðum koma á hans fund, þeir er sættast vildu við hann.

Sóttu þá margir menn til hans, þeir er á fundinum höfðu verið og margir menn aðrir. Seldu allir honum sjálfðæmi og svörðu honum trúnaðareiða.

Hann tók undir sig öll héruðin og fór við það heim norður og sat nú um kyrrt nokkura stund.

Guðmundur Gilsson, Magnús Narfason, and Vigfús Þorgilsson. Nearly forty of Þórður's men fell. Among the Skagfirðingar fell Brandur Kolbeinsson, Jón Hafliðason, Kleppjárn Hallsson, Ólafur chaim, and Illugi of Svínavatn. On Brandur's side nearly seventy men fell. As Ingjaldur says in *Brandsflokkur* about how many died:

The tide of the battle turned
 against the brave Skagfirðingar:
 their knees sank in a din of swords,
 the blades pummeling them.
 A hundred men were lost on the battlefield,
 a land of flashing shields.
 At that encounter no more fell,
 yet there were no fewer for that.

Fate shaped events as often in life:
 in the din of swords there fell
 the noblest and worthiest chieftain,
 a man who now rests in peace.
 No-one — not even
 the most well-known warrior —
 is ever able to dodge
 or delay his death.

King of kings and heaven,
 grant salvation to glorious Brandur's soul,
 for all want to land ashore
 in a better place.
 All-wise king of men,
 who replaces suffering with joy,
 grant the soul of Páll's brother
 the repose of paradise.

Þórður rode to Flugumýri after the battle. He then let it be known that all men who wanted peace with him should come to meet him, where they could settle with him.

Now many men sought him out, those who had been in the battle and many others. They all granted him self-judgment and swore oaths of allegiance to him.

Þórður took under himself all of the districts and with that went north to his home and sat thereafter quietly for some while.

Fertugasti og fjórðji kafli

Lík Brands var fært til Staðar og þar jarðað fyrir sunnan kirkju við sönghúsið fyrir stúkudyrum og var hann mjög harmdauði sínum mönnum.

Svo segir Ingjaldur í Brandsflokki:

Mildr réð skemr en skyldi
skjaldreyrs hötuðr aldri,
þrymkennis tók þannig
þungr harmr sonu unga.
Viggs mega varla hyggja
veðrtams svana beðjar
áms bliknjótar ítrir
auðmilds skörungs dauða.

Chapter Forty-Four

Brandur's corpse was taken to Staður and there buried before the south side of the church, in front of the door to the choir house, and he was greatly mourned by his men. So said Ingjalður in *Brandsflokkur*:

Death prematurely took
the generous warrior: thus,
great grief gripped
his young sons.
It is unthinkable
to the distinguished men
who followed him
that the openhanded champion is dead.

Fertugasti og fimmti kafli

Tíðindi þessi flugu skjótt um land allt og þóttu mikil, sem var.

En þegar Gissur spurði þessi tíðindi dró hann lið saman og fór norður um land. Hann hafði nær fjögur hundruð manna. Hann kom í Skagafjörð og þá heimboð með fimmtánda mann að Jórinni Kálfsdóttur að Stað og hét henni og sonum hennar liðveislu sinni traustri og vináttu. Jórunn gaf honum gjafir góðar. Skagfirðingar sóttu þá á fund Gissurar og játuðu honum sínum trúnaði.

Njósniir gengu þá til Þórðar og safnaði hann þá þegar mönnum og fékk þá enn mikið lið. En menn hans voru áður mjög hremmdir og var eigi jafnléttvígt sem um vorið fyrir fundinn.

Eftir það tókust meðalferðir og fóru þeir á milli Þórir tottur Arnþórsson, hann hafði skip á Eyrum og var með Gissuri. Margir menn fóru aðrir á milli og varð saman komið sættum með því að Hákon konungur skyldi gera með þeim við þá menn sem hann vildi við hafa. Skyldu þeir fara utan um sumarið báðir, Þórður og Gissur. Sóru tólf menn sátt þessa úr hvorutveggja ríkinu og að halda þessa sætt en þeir fundust ekki sjálfir Gissur og Þórður.

Eftir sættina fór Gissur suður.

Chapter Forty-Five

News of the events which had taken place spread quickly throughout the country and all who heard thought it momentous.

When Gissur learned these tidings, he drew an army together and went to northern Iceland. He had nearly 480 men. Gissur came to Skagafjörður and visited Jórunn Kálfsdóttir at Staður with fourteen other men. He promised to provide her and her sons with strong support and friendship. Jórunn gave him good gifts. The Skagfirðingar then sought Gissur out and swore their allegiance to him.

Intelligence of this reached Þórður and he immediately summoned men and once again gathered a great army. However, his men were utterly depleted and not as keen for battle as they had been in the spring.

Now, negotiations began with Þórir tottur Arnþórsson acting as the go-between: he had a ship at Eyrar and was on Gissur's side. Many other men also mediated between the two sides. It was agreed that King Hákon would arbitrate their case along with another man of his choosing. Þórður and Gissur were both to travel abroad in the summer. Twelve men involved in the case from each domain swore that this agreement would be fulfilled, though Gissur and Þórður did not meet in person.

After the agreement, Gissur went south.

Fertugasti og sjötti kafli

En Þórður bjóst til utanferðar. Hann fékk ríkið til geymslu Hálf-dani mági sínum og skyldi hann vera á Grund og Steinvör og börn þeirra. Þar voru og fylgdarmenn Þórðar, Kolbeinn grön og Almar Þorkelsson. Þórður gifti Þuríði Sturludóttur Eyjólfí Þorsteinssyni. Skyldu þau og vera á Grund um veturinn.

En þeir fóru utan með Þórði Nikulás Oddsson, Þorsteinn Gunnarsson, Ingjalður Geirmundarson. Fóru þeir utan í Eyja-firði. En Gissur fór utan á Eyrum og þeir með honum Önundur biskupsfrændi, Guðmundur Þórhildarson, Þorleifur hreimur. Þeir komu hvorirtveggju til Noregs um haustið og fundu Hákon konung í Björgvin og fóru hvorirtveggju með honum norður til Þrándheims því að konungurinn sat þar um veturinn.

Hákon konungur lagði stefnu til mála þeirra Þórðar og Gissurar.

Og á stefnunni lét Þórður lesa upp rollu langa er hann hafði látið rita um skipti þeirra Haukdæla og Sturlunga. Birtist þar á margum skaði er Þórður hafði fengið í mannalátum.

Þá mælti konungurinn: Hvað flytur þú hér í mót Gissur?

Hann svarar: Ekki hefi eg skrásett sagnir mínar en þó kann eg hér nokkru í móti að svara. En þó kalla eg hér einarðlega frá sagt vorum skiptum.

Og þann orðróm fengu þeir báðir að menn kváðust eigi heyrt hafa einarðlegar flutt en hvor flutti sitt mál, svo margt sem í

Chapter Forty-Six

Þórður prepared to travel abroad. He gave his brother-in-law Hálfðan his domain to oversee. Hálfðan was to stay at Grund with Steinvör and their children. He also left his retainers Kolbeinn grön and Almar Þorkelsson there. Þórður married Þuríður Sturludóttir to Eyjólfur Þorsteinsson. They were also to remain at Grund during the winter.

Nikulás Oddsson, Þorsteinn Gunnarsson and Ingjaldur Geirmundarson went abroad with Þórður. They disembarked from Eyjafjörður. Gissur went abroad from Eyrar and with him he had Önundur biskupsfrændi, Guðmundur Þórhildarson, and Þorleifur hreimr. Both came to Norway in the autumn, met King Hákon at Bergen, and went north with him to Trondheim because that was where the king stayed during winter.

King Hákon summoned a meeting to decide the case between Þórður and Gissur.

At the meeting, Þórður had a long roll read aloud which he had had written about the feud between the Haukdælir and Sturlungar. In it was reported the many injustices Þórður had suffered in loss of life.

Then the king said, 'what do you have to say in reply Gissur?'

Gissur responded: 'I have not written a statement, but I shall give a speech. Nevertheless, I shall admit that the account of our troubles already given is most reliable.'

hafði orðið. Mælti og hvorgi öðrum í móti eða ósannaði annars sögn. En það þóttust menn skilja að konungurinn mundi heldur áleiðis víkja fyrir Gissuri allt það er honum þótti svo mega. Og höfðu menn það fyrir satt að það mundi mjög vera fyrir sakir mála Snorra Sturlusonar er lát hans hafði nakkvað af konunginum leitt.

Þeir buðu málin öll á konungs dóm en konungur lét þá eigi festa og öngan úrskurð gerði hann á máli þeirra um veturinn. En um vorið fór konungurinn suður til Björgvinjar og báðir þeir með honum Gissur og Þórður og menn þeirra með þeim. Var þá enn talað um málin er þeir komu suður.

En er Þórður kærði á um málið Snorra Sturlusonar svaraði konungurinn þar fyrir og sagði að hann átti það að bæta en það Gissur svara öðrum málum.

Þótti mönnum þá sem Hákon konungur mundi liðsinna Gissuri um allt það er honum þætti sér sóma eftir honum að mæla.

Voru þeir nú báðir með konungi.

This enhanced both their reputations as people said they had never heard more concordance between accounts given by disputants in a case, especially such a contentious one as this. Neither of them opposed or denied the utterances of the other. However, people thought that the king would do everything in his power to support Gissur. People thought that this was mostly because of the matter of Snorri Sturluson, the death of whom the king was partly responsible for.

They offered to submit the whole case to the king's judgment, but the king had not made up his mind and he did not decide the outcome of their dispute during that winter. In the spring, the king went south to Bergen, along with Gissur, Þórður, and their men. After arriving in the south, they then presented their cases again.

When Þórður brought up the matter of Snorri Sturluson the king responded to this and said that he had that to compensate but instructed Gissur to answer the other charges.

Because of this, people thought that King Håkon would assist Gissur whenever he thought that speaking would harm his credibility.

They now remained with the king.

Fertugasti og sjöundi kafli

Nú skal hér taka til á Íslandi. Það sumar eftir Haugsnessfund og fall Brands var friður á Íslandi.

Staðar-Kolbeinn var þá fyrir ráðum að Hólum og var heill lítt um sumarið eftir fundinn. Naut hann hvorki svefns né matar og þótti mikið fráfall Brands sonar síns. Hann kom til Staðar að finna Jórinni nokkuru fyrir Ólafsmessu hina fyrri og gisti að Stað og fékk ekki mælt við Jórinni né aðra hugðarmenn sína. Þaðan reið hann upp á Víðimýri til Ingigerðar dóttur sinnar. Lagðist hann í rekkju er hann kom þar og andaðist Ólafsmessu hina síðari og þótti þeim mönnum er gjörst vissu sem honum mundi mannamissir mjög grandað hafa. Var hann færður til Staðar og jarðaður fyrir sunnan kirkju hjá Brandi syni sínum.

Kolbeinn var þá nær sjötugum manni er hann andaðist. En Brandur var hálfertugur er hann féll, vetri yngri en Kolbeinn ungi. Jafnlengd Brands og þeirra manna er þann dag létust er fjórum nóttum fyrir Jónsmessu Hólabiskups.

Þá var liðið frá falli hins heilaga Ólafs konungs sex vetur hins tíunda tigar og hundrað tólfrætt en frá brennunni í Hítardal er mest tíðindi höfðu þá önnur orðið hér á landi, tveim vetrum fátt í tíu tigi vetra. Þá er Brandur féll var Innocentíus páfi í Róma, Friðrekur var keisari, Eiríkur Eiríksson konungur í Svíþjóð, Eiríkur og Abel í Danmörk, Hákon konungur í Noregi, Heinrekur konungur í Englandi.

Chapter Forty-Seven

We must now return to events in Iceland. The summer after the Battle of Haugsnes and Brandur's death there was peace in Iceland. Kolbeinn of Staður was then staying at Hólar and he remained there during the summer after the Battle of Haugsnes. Kolbeinn was ill and could neither eat nor sleep for grief over his son's death. He went to Staður to meet Jórunn to celebrate the former mass day of Saint Olaf and lodged there, but was unable to speak to either Jórunn or any of the people closest to him. From there he rode to Víðimýri to his daughter Ingigerður. Kolbeinn took to his bed when he arrived there and died on the latter mass day of Saint Olaf. The people who knew most about the circumstances assumed he had died of a broken heart on account of the death of his son. Kolbeinn was taken to Staður and buried in front of the southern wall of the church with his son Brandur.

Kolbeinn had been almost seventy years old when he died, and Brandur thirty-five years old when he fell, a year younger than Kolbeinn ungi. The death day of Brandur and the men who died with him is four nights before the mass of Jón the bishop of Hólar.

This was 216 years after the death of Saint-King Olaf and ninety-eight years after the fire at Hítardalur, which was the second most significant event to have ever taken place here in Iceland.



Fig. 11. King Håkon's hall in Bergen, Norway. Source: *Wikimedia*, https://commons.wikimedia.org/wiki/File:Haakonshallen_Bergen_Norway_2009_1.JPG.

When Brandur died, Innocent was the Pope in Rome, Frederick was the Holy Roman Emperor, Erik Eriksson was the King of Sweden, Erik and Abel were the Kings of Denmark, Hákon was the King of Norway, and Henry was the King of England.

Fertugasti og áttundi kafli

Vetri eftir Haugsnessfund kom hingað í Norðurlönd og til Björgvinjar Vilhjálmur kardínáli sendur af páfa Innocentíusi til þess að vígja Hákon konung undir kórónu. Hann vígði og Postulakirkju í konungsgarði á Svithunsmessudag um sumarið.

Hákon konungur lét þá Gissur og Þórð kæra mál sín svo að kardínálinn var við og lét tjá honum alla málavöxtu þeirra.

En er kardínálinn heyrði og skildi mannlát þau er Þórður hafði fengið í skiptum þeirra Gissurar þá veik hann þar mjög eftir og þótti jafnan sem hans hlutur mundi hafa við brunnið. Vildi hann það eitt heyra að Þórður færi þá til Íslands en Gissur væri þar eftir, kvað það og ráð að einn maður væri skipaður yfir landið ef friður skyldi vera.

Þá var og vígður Heinrekur biskup til Íslands til Hólastaðar og dró hann mjög fram hlut Þórðar við kardínálann og svo við konunginn. Var þá og allkært með þeim biskupi og Þórði.

Um sumarið Ólafsmessu var Hákon konungur vígður undir kórónu. Hafði hann þá veislu mikla út í naustinu.

Þá var það ráðið að Þórður skyldi út og var hann þá skipaður yfir allt landið til forráða.

En Gissur var þá eftir og þótti honum það allþungt. Var honum þá skipuð sýsla norður í Þrándheimi.

Þorgils frændi Þórðar var þá eftir með konungi svo sem í nokkurri gíslingu fyrir Þórð til trúnaðar við konung.

Chapter Forty-Eight

One winter after the Battle of Haugsnes, Cardinal William came to Bergen in Norway. William had been sent by Pope Innocent to coronate King Hákon. William also consecrated the Church of the Apostles in the king's courtyard during the summer on the mass day of Saint Swithun.

At that time, King Hákon had Gissur and Þórður present their case before the cardinal, explaining to him all the details of the case.

When the cardinal heard and so understood the loss of men suffered by Þórður in his dealings with Gissur, he was profoundly moved by what he had heard and thought that Þórður had suffered most of the two. He wanted to hear nothing but that Þórður would return to Iceland and Gissur remain in Norway, providing also that counsel that if there was to be peace in the country only one man should rule there.

At that time also, Bishop Henrik was consecrated to the episcopal see of Hólar and he strongly supported Þórður's cause with the cardinal and so with the king. At this time, Þórður and the bishop were the best of friends.

During the summer, on the mass day of Saint Olaf, King Hákon was coronated. He then held a great feast in the boat-house.

Then it was decided that Þórður should return to Iceland and govern it.

Gissur was to remain behind and he was most displeased about that. He was then made sheriff of a northerly county in Trondheim.

Þórður's kinsman Þorgils also remained in Norway as something of a hostage to guarantee Þórður's allegiance to the king.

Fertugasti og níundi kafli

Sumar það er Þórður fór til Íslands var tveimur vetrum eftir það er Kolbeinn ungi andaðist og Svarthöfði Dufgusson fór utan í Hvítá með vöru þá er Kolbeinn lagði til utanferðar Þórði. Var Svarthöfði þann vetur í Noregi er Þórður var á Grund. En það sumar er Þórður fór utan kom Svarthöfði út í Vestmannaeyjum.

Það sumar er Hákon konungur var vígður fóru þeir Heinrekur biskup og Þórður til Íslands. Kom Þórður í Vestmannaeyjar. Tók hann þar vín mikið er hann átti en Svarthöfði hafði út flutt og skilið þar eftir í eyjunum. Fór Þórður upp til Keldna, fann þar Hálfðan mág sinn og Steinvöru. Voru þau bæði komin norðan úr Eyjafirði. Hafði þeim lítt líkað til fylgdarmanna Þórðar. Þórður reið síðan norður til Eyjafjarðar til Grundar og dvaldist þar nokkura hríð áður hann fór vestur í sveitir. Og er hann kom í Borgarfjörð tók hann undir sig sveitir allar og allt fé Snorra Sturlusonar og svo héraðið í Borgarfirði. Hann fór í Garða til Þorleifs og tók af honum trúnaðareiða og skipaði hann mest yfir héraðið. Sendi hann þá menn á Bessastaði og tók bú það til sín og hafði þaðan mölt mikil og flutti upp í Reykjaholt og ætlaði þar að sitja um háveturinn. En hann fór þá vestur til Saurbæjar og var á Staðarhóli með Sturlu um jólin öndverð. Síðan fóru þeir Sturla báðir suður í Reykjaholt og sátu þar framan mjög til föstu.

Þá kom vestan Einar Þorvaldsson og Hrafn Oddsson og játuðust allir Vestfirðingar til hlýðni við Þórð.

Chapter Forty-Nine

The summer that Þórður returned to Iceland was two winters after the summer when Kolbeinn ungi died and Svarthöfði went abroad via Hvítá with those goods which Kolbeinn had provided for Þórður's journey abroad. The winter that Svarthöfði was in Norway, Þórður was at Grund. The summer that Þórður went abroad, Svarthöfði returned to Iceland via the Vestmannaeyjar.

The summer when King Hákon was coronated, Bishop Henrik and Þórður went to Iceland. Þórður returned via the Vestmannaeyjar. He took on much wine there, which belonged to him, and which Svarthöfði had imported and left there on the islands. Þórður travelled up to Keldur, where he found Hálfðan, his brother-in-law, and Steinvör. They had both come from Eyjafjörður in the north. They had liked Þórður's retainers little. Þórður then rode north to Grund in Eyjafjörður and remained there for some while, before he went west into the districts. When he came to Borgarfjörður, he established himself as leader of all the districts and custodian of all the property of Snorri Sturluson and so the region of Borgarfjörður. He went to Garðar to Þorleif and took an oath of allegiance from him, placing him as leader of the region. Next he sent men to Bessastaðir and took that farm for himself and had much malt from there taken up to Reykholt and intended to remain there during midwinter. Then he went west to Saurbær and was at Staðarhóll with Sturla dur-

Þann vetur kvongaðist Nikulás Oddsson í Reykjaholti.

Kom þá sunnan Sigvarður biskup og urðu þeir Þórður ekki mjög sáttir í fyrstu sín á milli en greiddu þó vel. Gaf Þórður til staðarins í Skálaholti Skógtjörn á Álftanesi fyrir sál föður síns og móður. Hún andaðist þá um haustið áður hann fór norðan.

Þórður reið norður móti páskum og tók undir sig öll héruð í Norðlendingafjórðungi. Mælti þá engi maður í móti því. Öngvar bauð hann bætur eftir Brand frænda sinn enda beiddi engi bóta. Voru synir Brands þá ungir, annar átta vetra en annar níu.

Um vorið gerði Þórður annað bú í Geldingaholti í Skagafirði og var hann þar löngum. Var þar fyrir Kolfinna Þorsteinsdóttir. Hún var frilla Þórðar og áttu þau dóttur er Halldóra hét. Þórður átti tvo sonu við Yngvildi Úlfisdóttur, Þórð og Úlf. Styrmir hét son hans og Nereiðar Styrmisdóttur. Jón kárin var elstur. Hann var fæddur í Vestfjörðum.

Þetta sumar reið Þórður til þings með fjölmenni mikið og voru þá flestir hinir stærri menn á þingi og veittu allir Þórði tillæti nema Sunnlendingar þeir er voru menn Gissurar og enn sumir Áverjar þeir er eigi vildu hlýða ráðum Hálfðanar.

Þá voru þeir frændur ungir í Austfjörðum, synir Þórarins Jónssonar, Þorvarður og Oddur. Þeir höfðu föðurleifð sína og viku þeir öllum sínum málum undir Þórð og hans forsjá. Sæmundur Ormsson hafði Síðuna og föðurleifð sína. Guðmundur var þá ungur, bróðir hans, og réð Sæmundur fyrir þeim. Hann var vitur maður og heldur ágjarn og þótti líklegur til mikils höfðingja. Hann bjó að Kálfafelli. Hann mælti til hinnar mestu vináttu við Þórð og vildi að hann hefði forsjá fyrir honum. Hann beiddist að gerast heimamaður Þórðar.

En Þórður réð einn öllu á þinginu. Hann tók til lögmanns Ólaf hvítaskáld Þórðarson. Hann ýfðist heldur við Sunnlendinga og kveðst sjá hverra föðurbóta þeir vildu honum unna er þeir vildu síður þjóna honum en öðrum mönnum á Íslandi. En þeir gáfu ekki gaum að því. Hann hét því að þeim mundi eigi betur ganga ef þeir héldu því líkri stærð fram. En þó reið Þórður norður af þinginu og var heima um sumarið.

En um haustið þá er skipagangur var reyndur og vitað var að Gissur kom ekki út reið Þórður suður um Kjöl með mikla

ing the beginning of Yule. Afterwards Sturla and Þórður both went south to Reykholt and remained there until muchway through Lent.

Now Einar Þorvaldsson and Hrafn Oddsson came west, and all the Vestfirðingar pledged obedience to Þórður.

That winter was the wedding of Nikulás Oddsson at Reykholt.

Following this, Bishop Sigvard came from the south, and he and Þórður were not at all agreeable with each other at first, but they settled well though. Þórður gave Skógtjörn on Álftanes to the see at Skálholt for the souls of his father and mother. His mother had died then during the autumn, before Þórður went north.

Þórður rode north towards Easter and established himself as leader of all of the regions in the Northern Quarter. No-one spoke against that at that time. He offered no compensation for Brandur, his kinsman; moreover, no-one asked for any. Brandur's sons were young then, one eight winters old, and the other nine.

During the spring, Þórður established another farm at Geldingaholt in Skagafjörður, and remained there for a long time. Kolfinna Þorsteinsdóttir controlled the household there. She was Þórður's mistress, and they had a daughter, who was named Halldóra. Þórður had two sons with Yngvildur Úlfsdóttir, Þórður and Úlfur. Styrmir was the name of his son with Nereiður Styrmisdóttir. Jón kárin was the eldest, he was born in the Vestfirðir.

That summer, Þórður rode to the assembly with a large company, and at that time all the greater men were at the assembly, and they all granted deference to Þórður, except the Southerners, those who were Gissur's men, and also some of the Áverjar, those who did not want to obey Hálfdan's advice.

At that time, those kinsmen who lived in the Austfirðir were young, the sons of Þórarin Jónsson, Þorvarður and Oddur. They had their patrimony and they turned over all their matters to Þórður and his foresight. Sæmundur Ormsson had Síða and his own patrimony. Guðmundur, his brother, was then young and Sæmundur controlled all for them. He was a clever but some-

sveit manna og fór um alla sveit Gissurar. Mæltu þá flestir menn ekki í móti að þjóna honum og var þeim þó hin mesta nauðung. Hann lagði og fégjöld á alla bændur og þótti þeim það léttara en þjóna opinberlega til Þórðar því að þeir voru einfaldir í sinni þjónustu við Gissur. Þórður fór ofan allt á Nes og svo upp í Borgarfjörð. Var þá kominn til hans Sæmundur Ormsson. Fór Þórður úr Borgarfirði í Dala vestur og skipti ríkjum með þeim frændum sínum Sturlu Þórðarsyni og Jóni Sturlusyni. Það gerði hann á Þorbergsstöðum. Reið hann síðan norður Laxárdalsheiði og sat á Grund um veturinn.

Þann vetur gifti hann Ingunni Sturludóttur Sæmundi Ormsyni og fóru þau um sumarið austur til bús þess er Sæmundur átti þar. Gerðist hann þá ofsamaður mikill og þótti líklegur til höfðingja.

Þetta sumar reið Þórður til þings og mælti þá engi maður mót honum á þingi. Guldu Sunnlendingar gjald það er Þórður lagði á þá og gekk þó allt með hinni mestu nauðung.

Þetta sumar urðu þeir nokkuð missáttir Sæmundur Ormsson og Ögmundur Helgason. Kærðu þeir það fyrir Þórði og setti hann þær greinir þá niður er voru á milli þeirra og þeim bar á. Mælti þá og engi maður á móti því er Þórður vildi að væri. Sumar þetta kom út bréf Hákonar konungs til Þórðar og var honum stefnt utan. Og þar voru á nokkurar sakargiftir og átölur við Þórð um það að hann hefði meiri stund á lagið að koma landi undir sig en undir konung sem honum þótti einkamál þeirra til standa.

Heinrekur biskup fylgdi og þessu að Þórður héldi eigi það er hann hefði konunginum heitið. Fóru þá í margar greinir með þeim svo að nálegt engi hlutur bar þeim saman. Svall þetta sundurþykki svo að Heinrekur brá til utanferðar þetta sumar og kom á fund Hákonar konungs. Tók hann við biskupi forkunnar vel því að hann vissi að hann hafði einarðlega fylgt hans máli á Íslandi. En biskup flutti ekki mjög mál Þórðar og kvað hann eigi efna það er hann hefði heitið, kvað konungs vilja aldrei mundu við ganga á Íslandi meðan Þórður réði svo miklu. Biskup var með konungi um veturinn og hlýddi konungur allmjög á hans

what demanding man and thought likely to become a powerful leader. He lived at Kálfafell. He sought the greatest friendship with Þórður and wanted to take advantage of his foresight. He asked to become Þórður's attendant.

Þórður decided all alone at the assembly. He appointed Ólafur hvítaskáld Þórðarson as lawspeaker. He was fairly hostile to the Southerners and said that he would see what compensation for a father they would give to him, when they wanted less to serve him and other men in Iceland. However, they did not take heed to that. He promised that things would not get better for them if they continued to be this arrogant. Nevertheless, Þórður rode north from the assembly and was at home during the summer.

During autumn, when the comings and goings of ships were discovered and it became known that Gissur would not return, Þórður rode south over Kjöl with a great company of men and went all about Gissur's district. Now most men did not speak against serving him, but they were however under the most duress. He also imposed fines on all the householders, and they thought that paying these was more bearable than openly obeying Þórður, because they were simple in their obedience to Gissur. Þórður went down all the way to the headland and so up to Borgarfjörður. Then Sæmundur Ormsson came to him. Þórður went west from Borgarfjörður to Dalir and divided the domain between his kinsmen, Sturla Þórðarson and Jón Sturluson. He did that at Þorbergsstaðir. Afterwards he rode north to Laxárdalsheiði and sat at Grund during winter.

That winter he married Ingunn Sturludóttir to Sæmundur Ormsson, and they went east during the summer to the farm which Sæmundur had there. He then became a greatly overbearing man and was thought likely to become a leader.

That summer, Þórður rode to the assembly and at that time no man at the assembly spoke against him. The Southerners paid those fines which Þórður had imposed upon them, however, all was paid under the greatest duress.

That summer, Sæmundur Ormsson and Ögmundur Helgason came somewhat into disagreement. They brought the matter

sagnir. En þá var fátt þeirra manna í Noregi er mjög drægju fram hlut Þórðar nema nokkurir lögunautar hans.

before Þórður and he settled the disputes which were between them and bore on them. At that time no-one spoke against that which Þórður wanted to happen.

That summer a letter from King Hákon arrived for Þórður, and he was summoned abroad. There were some accusations and reproaches against Þórður in this: that he had taken more pains to ensure that he established himself as leader of the country rather than the king, as he thought their special, personal agreement to stand.

Bishop Henrik agreed that Þórður had not stuck to that which he had promised to the king. Now many disputes emerged between them, so that there was nearly nothing on which they were agreed. This disagreement grew to the extent that Henrik determined to go abroad that summer and he came to meet King Hákon. He greeted the bishop exceedingly well, because he knew he had faithfully pursued his case in Iceland. The bishop did not speak favourably about Þórður's case and said that he did not perform that which he had promised and said the king's cause would never proceed in Iceland, while Þórður controlled everything. The bishop was with the king over the winter, and the king listened closely to what he said. However, there were at that time few men in Norway who promoted Þórður's case, except for some of his messmates.

Fimmtugasti kafli

Gissur Þorvaldsson fór utan sem fyrr segir næsta sumar eftir Flugumýrabrennu. Hann kom við Hörðaland. Frétti hann að Hákon konungur var í Túnsbergi. Sté hann þar á land og þegar í byrðing og fór austur til konungs. Tók konungur honum allvel.

Þórður kakali var þá í Björgvin er skip það kom þangað er Gissur hafði á verið. Þar voru margir íslenskir menn á skipinu. Þá frétti Þórður þau tíðindi er gerst höfðu á Íslandi.

Og svo bar til litlu síðar er þeir höfðu upp skipað að Þórður og nokkurir menn gengu hjá stofu einni og heyrðu þangað mannamál. Þeir námu staðar og heyra að sagt var frá drápi Kolbeins Dufgussonar. Sá maður sagði frá er Þórður hét og var Steinunnarson. Þóttust þeir það finna að hann bar allar sögur betur Gissuri en brennumönnum, kvað alla menn undrast að Kolbeini varð ekki fyrir.

Þá gengur Þórður í stofuna og mælti: Nú skal sjá hversu mikið þér verður fyrir.

Laust hann þegar með öxi er hann hélt á svo að Þórður féll þegar í óvit.

Litlu síðar fór Þórður kakali austur til Túnsbergs og tók konungur honum eigi marglega. Gissur var þar fyrir. Og er Þórður hafði þar skamma hrið verið biður hann konung að hann léti Gissur á brott fara og segir eigi örvænt að vandræði aukist af ef þeir væru í einum kaupstað báðir.

Chapter Fifty

[Here the copies of Reykjarfjarðarbók are followed]

Gissur Þorvaldsson went abroad, as was said before, the next summer after the burning of Flugumýri. He came ashore in Hordaland. He learned that King Hákon was at Tunsberg. He step on land there before boarding a merchant ship and heading east to the king. The king greeted Gissur most well.

Þórður kakali was in Bergen when the ship on which Gissur had been arrived. There were many Icelandic men on that ship. Þórður now learned of the events which had taken place in Iceland.

So it happened that a little later, when Gissur and the others had gone up from the ship, that Þórður and some men went to a sitting room and heard men's voices thither. They took places and heard news of the killing of Kolbeinn Dufgusson. The account was given by that man who was named Þórður and who was Steinunn's son. They considered that he told the whole story completely in Gissur's favour rather than that of the arsonists, and everyone said they were astonished to hear that Kolbeinn was not difficult to overcome.

Þórður then burst into the sitting room and announced: 'now I shall see how difficult you are to overcome.'

Konungur svarar: Hver von er þér þess að eg reki Gissur frænda minn frá mér fyrir þessi ummæli þín? Eða mundir þú eigi vilja vera í himinríki ef Gissur væri þar?

Vera gjarna herra, segir Þórður, og væri þó langt í milli okkar.

Konungur brosti að. En þó gerði konungur það að hann fékk hvorumtveggja þeirra sýslu. Hafði Þórður sýslu í Skíðunni. Þeir fóru báðir til Hallands með konungi. Er þar mikil saga frá Þórði. Þórður var vinsæll í sýslu sinni og þykir þeim sem fáir íslenskir menn hafi slíkir verið af sjálfum sér sem Þórður.

Svo segir Kolfinna Þorvaldsdóttir, og var hún þá með Þórði, að bréf Hákonar konungs komu til hans síð um kvöld er hann sat við drykk, það er Þórður vottaði að konungur hafði gefið honum orlof til Íslands og gera hann mestan mann. Varð hann svo glaður við að hann kvað öngvan hlut þann til bera að honum þætti þá betri. Þakkaði hann konunginum mikillega. Drukku menn þá og voru allkátir. Litlu síðar talaði Þórður, sagðist og eigi fara skyldu af Íslandi ef honum yrði auðið út að koma. Litlu síðar segir Þórður að svifi yfir hann. Var honum þá fylgt til hvílu sinnar. Tók hann þá sóttinni svo fast að hann lá skamma stund og leiddi hann til bana. Er frá honum mikil saga.

Immediately, Þórður kakali struck out with the axe which he was holding, so that his namesake immediately fell unconscious.

A little later Þórður kakali went east to Tunsberg, but the king did not greet him in a friendly manner. Gissur had arrived there before him. After Þórður had been there a short while, he asked the king to send Gissur away, saying it was not beyond expectation for trouble to arise if they were together in the same market town.

The king responded: 'why do you expect that I would drive my kinsman Gissur away from me on account of these words of yours. Would you not want to go to heaven, if Gissur was there also?'

'I would want to be, Lord,' replied Þórður, 'but there would be a great distance between us.'

The king smiled at that; however, he made sure that he gave each of the two their own county. Þórður's county was in Skien. Þórður and Gissur both went to Halland with the king. There is a great saga about Þórður. Þórður was popular in his county, and they think that there have been few Icelandic men like him.

So says Kolfinna Þorvaldsdóttir, and she was with Þórður at this time, that a letter from King Hákon came to him late in the evening, when he was sat at drink, in which Þórður saw that the king had given him leave to return to Iceland and appointed him the country's governor. He was filled with joy and commented he had never received better news than this. Þórður thanked the king profusely. Now men drank and they were exceedingly merry. Shortly after this, Þórður spoke, vowing that he would never leave Iceland if he was fortunate enough to return. A little later on, Þórður noted that a chill had come over him. He was then helped to his bed. A sickness then took hold of Þórður with such rapidity that he only lay for a short while before he died. There is a great saga about him.

